



Ársskýrsla  
lögreglustjórans á  
höfuðborgarsvæðinu

2010

# Ársskýrsla

---

# 2010



LÖGREGLUSTJÓRINN Á  
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



Útgefandi: Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu  
[www.lrh.is](http://www.lrh.is)  
Umsjón og ábyrgð: Upplýsinga- og áætlanaeild  
Gunnar Rúnar Sveinbjörnsson

Myndir: Foto.is sf.  
Prentun: Litlaprent  
Umbrot: Grafika  
Útgefið í júlí 2011

## Efnisyfirlit

LÖGREGLAN FYLGIR STRAUMNUM .....	5
SKIPURIT .....	7
HELSTU MARKMIÐ LRH .....	8
EMBÆTTIÐ Í HNOTSKURN .....	10
HELSTU VERKEFNI LÖGREGLUNNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU .....	12
Manndráp og líkamsárásir.....	15
Kannabisræktanir .....	18
Fleiri fíkniefnamál .....	20
Amfetamínbasi í eldsneytistanki .....	22
Kynferðisbrot og heimilisofbeldi .....	24
Rán og fjársvik .....	26
Umferðarlöggæsla .....	28
Banaslys og hraðakstursbrot .....	29
Kæruleysi ökumanna .....	31
Fréttir úr umferðinni .....	33
Innbrot og þjófnaðir .....	35
Mótmæli í miðborginni .....	37
Brunar og íkveikjur.....	39
Menningarnótt .....	40
Óvenjuleg verkefni .....	41
Lögregluvefurinn og Facebook.....	43
Hverfa- og svæðafundir .....	45
Eitt og annað .....	46
REKSTUR .....	48
Rekstraryfirlit .....	50
VIÐAUKAR .....	53





## Lögreglan fylgir straumnum

Grundvallarmarkmið lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hafa verið skýr frá upphafi. Markmið hennar er að auka öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa, starfa og dvelja á höfuðborgarsvæðinu. Margar leiðir eru notaðar til að ná þessum markmiðum og er mikið lagt upp úr sýnileika lögreglunnar, skilvirkni og fagmennsku við rannsóknir mála, afbrotavörnum á öllum sviðum og öflugri upplýsingamiðlun.


Undir lok ársins 2010 ákvað lögreglan á höfuðborgarsvæðinu að stíga að því er sumum þótti djarft skref í aukinni upplýsingamiðlun og beinum samskiptum við almenning með því að stofna síður á samskiptavefjunum Facebook og Twitter. Nokkur lögreglulið, einkum í Bandaríkjunum og Bretlandi, höfðu þá þegar tekið þessa miðla í sína þjónustu með athyglisverðum árangri. Skemmst er frá því að segja að innkomu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á þessa samfélagsmiðla var tekið fagnandi og fjöldi vina lögreglunnar á þessum síðum jókst hratt frá fyrsta degi. Skipta þeir í dag þúsundum. Með þessu móti má segja að lögreglan fylgi straumnum og taki þátt í þeirri öru þróun sem á sér stað á þessu sviði í samfélaginu. Jafnframt hafa þarna opnast fleiri leiðir fyrir fólk til að eiga bein samskipti við lögreglu, fá svör við einföldum spurningum og einnig nýjustu fréttir frá lögreglunni beint og milliliðalaust. Þróun á þessu sviði heldur áfram og mun lögreglan á höfuðborgarsvæðinu taka virkan þátt í henni.

Vel gekk á flestum sviðum í starfseminni á síðasta ári. Lögreglan þurfti að takast á við stór og flókin mál sem leyst voru af mikilli fagmennsku og öryggi. Góður árangur náðist í baráttunni við innbrotspjófa og fækkaði innbrotum umtalsvert milli ára. Sömu jákvæðu þróun má einnig sjá á öðrum sviðum. Vel gekk einnig í fjárhagslegum rekstri embættisins á síðasta ári, en annað árið í röð var embættið rekið með rekstrarafgangi þrátt fyrir umtalsverða niðurskurðarkröfu. Þennan jákvæða árangur á öllum sviðum þakka ég frábærum stjórnendum og starfsmönnum embættisins.

*Stefán Eiríksson lögreglustjóri*




Skipurit





## HELSTU MARKMIÐ LRH



Öll starfsemi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu miðar að því að auka öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa, starfa og dvelja í umdæminu. Þetta grundvallarmarkmið hefur verið haft að leiðarljósi frá því að embættið var stofnað 1. janúar 2007. Í upphafi voru sett markmið um fækkun afbrota á nánar afmörkuðum sviðum (eignaspjöll, innbrot, þjófnaðir og líkamsárásir) og að þeim hefur verið unnið undanfarin ár. Einnig er stefnt að fækkun umferðarslysa á höfuðborgarsvæðinu en vel hefur miðað í þeim efnum. Um markmið embættisins má lesa ítarlega í skýrslunni *Grundvallarstefna og langtímaáætlun lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og stefna einstakra deilda 2008 – 2011*. Samnefnda skýrslu er að finna á lögregluvefnum ([www.lrh.is](http://www.lrh.is)).






Fram til þessa hefur fækkun brota miðað bærillega, þótt embættið hefði auðvitað viljað gera enn betur. Þjófnaðarbrot árið 2010 voru álíka mörg og 2008 en árið 2009 voru þau mun fleiri. Ekki er einfalt að útskýra breytingar á fjölda brota á milli ára enda geta ýmsir þættir haft áhrif. Þó er hægt að segja að þróunin sé almennt til betri vegar. Þannig má nefna að ofbeldisbrot voru mun færri árið 2010 í samanburði við 2007. Fjöldi alvarlegra ofbeldisbrota (brot gegn 218. gr. alm. hegningarlaga) er undantekning en á tímabilinu 2007-2010 komu liðlega 100 slík mál til rannsóknar á ári. Ástandið í þeim efnum er því óbreytt.

Sýnileg löggæsla er liður í að auka öryggi og öryggistilfinningu fólks á höfuðborgarsvæðinu. Því er fylgt eftir með sérstakri mælingu í árlegri könnun embættisins þar sem jafnframt er spurt um ýmislegt annað sem viðkemur starfi lögreglunnar. Þátttakendur í könnuninni eru spurðir um mat á eigin öryggi ef þeir væru einir á gangi að næturlagi í eigin heimabyggð eða hverfi. Langflestir, eða 90-91% aðspurðra í könnunum 2007-2010, töldu sig örugga við þessar aðstæður. Stefnt er að því að öryggistilfinning fólks á höfuðborgarsvæðinu hafi aukist árið 2011 frá því sem hún var 2007.



# Embættið í hnotskurn

 Mannfjöldi  
  Hlutfall af höfuðb.sv.  
  Hlutfall af Íslandi  
  Hlutfall erlendra  
  Fjöldi ríkisfanga  
  Stærð í km<sup>2</sup>  
  Fjöldi grunnsk.  
  Fjöldi leisk.  
  Fjöldi framhaldssk.




Heimild: Hagstofa Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytið

Höfuðb. sv.




Ísland



Fjöldi ökutækja í lok árs 2010



Akstur ökutækja í kílómetrum árið 2010



# HELSTU VERKEFNI LÖGREGLUNNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

## 21. október

### **DR AUGAGANGUR Í KIRKJUGARÐI**

Undarleg ljós sáust í Gufuneskirkjugarði í nótt og var lögreglan kölluð á vettvang. Samkvæmt tilkynningu áttu einhverjir að vera á ferli í kirkjugarðinum en ekki var vitað hvort þeir væru lífs eða liðnir. Tveir lögreglumenn voru sendir á staðinn og þar mætti þeim strax sterkt ljós. Við frekari eftirgrennslan reyndist birtan kom frá ljóskastara sem framhaldsskólapiilar voru að burðast með og því voru engir draugar hér á ferð. Strákarnir voru líka með myndbandsupptökuvél í fórum sínum en vera þeirra í kirkjugarðinum átti sér eðlilegar skýringar. Þeir voru að vinna að skólaverkefni og var þeim leyft að klára það úr því sem komið var. Tekið skal fram að piiltarnir voru ekki með háreysti og gengu í alla staði mjög vel um þótt tímasetning þeirra hefði mátt vera betri.

*lrh.is*

Mörg erfið og krefjandi verkefni komu til úrlausnar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu árið 2010. Rannsókn mála gekk almennt vel og enn á ný sýndu starfsmenn embættisins mikla þrautseigju. Það átti ekki síst við þegar kom að því að upplýsa innbrot. Á seinni hluta ársins var talsvert um innbrot í heimahús. Með samstilltu átaki lögreglumanna tókst að hafa hendur í hári hinna fingralöngu þjófa og margir önduðu léttar. Annars varð mjög jákvæð þróun í þessum efnum því innbrotum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði verulega í samanburði við árið 2009. Átti það við um innbrot á heimili, í stofnanir og verslanir en líka í ökutæki og þar varð fækkunin hlutfallslega mest. Með fækkun innbrota í umdæminu tókst að snúa við óheillaþróun og áfram verður unnið á þeirri braut. Það er enda eitt markmiða lögreglunnar að fækka innbrotum á höfuðborgarsvæðinu, líkt og fram kemur í grundvallarstefnu embættisins.

Rannsóknir innbrota eru tímafrekar en þeim sinna rannsóknar-lögreglumenn á fimm lögreglustöðvum í umdæminu. Öflug rannsóknar-deild embættisins er kölluð til í umfangsmiklum málum, jafnt innbrotum sem öðrum málum, en til hennar var ofsinnis leitað árið 2010. Málin voru jafn fjölbreytt og þau voru mörg en það sem vakti mesta athygli var manndráp í Hafnarfirði. Fórnarlambið var karl á fertugsaldri en hann var myrtur á heimili sínu um miðjan ágúst. Atlagan var hrottafengin, en mörg stungusár voru á hinum látna, og málið vakti óhug. Fjöldi lögreglumanna vann sleitulaust að rannsókninni enda

## 10. mars

### KRAFÐIST VISTUNAR Í FANGAKLEFA

Heldur sjaldgæft er að menn krefjist þess að vera vistaðir í fangageymslu lögreglunnar. Sú var þó raunin þegar lögreglan var kölluð til í fjárvikamáli á höfuðborgarsvæðinu. Þar hafði karl um fimm tugt neitað að greiða fyrir þjónustu sem hann hafði sannarlega notið. Lögreglan reyndi að leysa málið á vettvangi því aðillinn sagðist vera með fjármuni meðferðis og því borgunarmaður fyrir reikningnum. Maðurinn, sem var í annarlegu ástandi, stóð hinsvegar áfram fast á sínu og harðneitaði að borga. Fór svo að hann var fluttur á lögreglustöð en þess hafði maðurinn óskað og jafnframt að hann yrði vistaður í fangaklefa. Til þess kom þó ekki enda ónaðsynlegt að hafa manninn í haldi og var honum gert að halda sína leið. Gekk það treglega og þurfti að beita fortölum. Að lokum yfirgaf maðurinn lögreglustöðina, allt annað en sáttur með þessi málalok.

*lrh.is*

var allt kapp lagt á að upplýsa málið. Rætt var við fjölmarga aðila í þágu rannsóknarinnar og nokkrir voru handteknir. Í þeim hópi var karl á þrítugsaldri, sem síðar játaði að hafa orðið manningum að bana. Morðið var það fjórða sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakaði í umdæminu á jafnmörgum árum.

Eins og jafnan áður voru nokkur hundruð ofbeldisbrot tilkynnt til lögreglu. Þau alvarlegri voru ámóta mörg og undanfarin ár, en næstum helming þeirra má tengja við skemmtanahald um helgar, og á frekar afmörkuðu svæði miðborgarinnar. Eitt alvarlegasta ofbeldisbrotið átti sér stað seint á árinu, ekki langt frá þessum slóðum, en hafði þó ekkert með skemmtanahald að gera. Um var að ræða hrottalega líkamsárás en ráðist var á karl um sextugt í húsi í Þingholtunum. Árásarmaðurinn reyndist vera sonur þolandans en faðirinn var fluttur á sjúkrahús með höfuðáverka, mjög þungt haldinn. Ofbeldi kom líka við sögu þegar fjórir menn vopnaðir haglabyssu bönkuðu upp á í húsi í Bústaðahverfinu um jólahátíðina. Þeir töldu sig eiga eitthvað vantalað við húsráðanda en tveimur skotum var hleypt af haglabyssunni. Engan sakaði en einn lögreglumaður slasaðist þegar árásarmennirnir reyndu að komast undan.

Minna fór fyrir mótmælum þetta árið og þau voru líka friðsamari en árin 2008 og 2009. Mótmælafundir voru samt áfram haldnir á Austurvelli en fundarmenn voru iðulega færri en áður. Fjölmennasti fundurinn var haldinn í haustbyrjun en þá mættu nokkur þúsund manns og mótmæltu við Alþingishúsið. Mjög lítil hluti þeirra lét ófriðlega en við þetta tækifæri notaði lögreglan sérstaka öryggisgirðingu í fyrsta sinn. Gafst það vel en með henni er unnt að tryggja betur bæði öryggi almennings og lögreglumanna á vettvangi.



## 19. apríl

---

### **DRACK ÓLYFJAN - VITNA LEITAÐ**

Karl á fertugsaldri liggur þungt haldinn eftir að hafa drukkið ólyfjan í Reykjavík aðfaranótt laugardags.

Atvikið átti sér stað í samkvæmi í heimahúsi í Hlíðunum en málsatvik eru ekki að fullu ljós. Vegna þessa eru þeir sem voru í umræddu samkvæmi beðnir um að hafa samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu í síma 444-1000.

---

*lrh.is*

Málum sem varða framleiðslu fíkniefna fjölgaði hjá embættinu en lögreglan stöðvaði fjölmargar kannabísræktanir á höfuðborgarsvæðinu. Oftar en ekki voru þær umfangsmiklar, eða 200 kannabísplöntur að jafnaði hverju sinni. Samhliða var unnið að því að koma í veg fyrir sölu og dreifingu fíkniefna. Liður í því er fíkniefnasíminn 800-5050 en í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. Á netfangið [abending@lrh.is](mailto:abending@lrh.is) er líka hægt að senda upplýsingar af þessu tagi. Stærsta fíkniefnamál ársins kom hins vegar ekki upp í umdæminu heldur á Austurlandi. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fór engu að síður með rannsókn þess en það snerist um innflutning á tæplega 20 lítrum af amfetamínbasu. Vökvinn fannst í bifreið tveggja þýskra kvenna sem komu til Seyðisfjarðar snemma sumars með farþegaskipinu Norrænu. Úr amfetamínbasanum hefði mátt framleiða á bilinu 150-260 kg af amfetamíni, allt eftir styrkleika.

Umferðarmál tóku líka drjúgan hluta af tíma lögreglu en sérstök áhersla var lögð á fækkun umferðarslysa í umdæminu. Undanfarin ár hefur mikið verið lagt upp úr sýnilegri löggæslu á helstu stofnbrautum og því var framhaldið árið 2010. Margt fleira væri hægt að nefna þegar helstu verkefni eru annars vegar en ekki er hægt að ljúka þessari upptalningu án þess að geta um umfangsmesta fjársvikamál ársins. Það kom upp í september en um var að ræða skattsvik sem námu milljónum króna. Átta voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald í þágu rannsóknarinnar en einn þeirra var handtekinn í Suður-Ameríku eftir að hafa verið eftirlýstur af Interpol. Hér á eftir er farið frekar yfir helstu verkefni lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2010. Tekið skal fram að tölfræði embættisins fyrir sama tímabil er að finna í skýrslunni *Afbrot á höfuðborgarsvæðinu (útgef. 2011)*.



## 15. ágúst

### MANNDRÁP Í HAFNARFIRÐI

Rannsókn á manndrápi í Hafnarfirði hefur verið í fullum gangi frá því tilkynnt var um atburðinn laust fyrir hádegi í dag. Rannsóknin bendir til að manninum, sem var á fertugsaldri, hafi verið ráðinn bani á heimili sínu, þar sem aðstandandi kom að honum látnum, með eggvopni s.l. nótt. Lögreglan hefur í dag verið í mikilli gagnaöflun og auk þess unnið úr gögnum sem aflað var með tæknirannsókn á vettvangi. Lögreglan hefur í dag og í kvöld yfirheyrð fjölmarga í tengslum við málið en það hefur ekki enn leitt til þess að ljóst sé um málsatvik. Rannsókn málsins heldur áfram.

*lrh.is*

### Manndráp og líkamsárásir

Um miðjan ágúst var karl á fertugsaldri myrtur á heimili sínu í Hafnarfirði. Af ummerkjum að dæma mátti ætla að ráðist hefði verið að honum sofandi í rúmi sínu. Mörg stungusár voru á hinum látna og ljóst var að eggvopni hafði verið beitt. Leitað var ítarlega að sönnunargögnum í húsinu og nágrenni þess en ekki var á miklu að byggja. Skófar fannst þó í einu herbergjanna og þótt lélegt væri átti það eftir að reynast mikilvægt. Rætt var við fjölmarga aðila í þágu rannsóknarinnar og nokkrir voru handteknir. Í þeim hópi var karl á þritugsaldri, sem síðar játaði að hafa orðið manninum að bana. Sá var handtekinn daginn eftir ódæðið en sleppt aftur vegna skorts á sönnunargögnum. Maðurinn var handtekinn öðru sinni tíu dögum síðar og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Þá voru ný gögn komin fram í málinu og rökstuddur grunur um aðild hans var fyrir hendi.

Fjöldi lögreglumanna vann sleitulaust að rannsókninni enda var allt kapp lagt á að upplýsa málið. Mikið mæddi á starfsmönnum tæknideildar en í þeirra röðum eru sérfræðingar í blóðferlagreiningum og á líftækni sviði. Lífssýni voru send til rannsóknar í Svíþjóð en einnig fatnaður og skór árársarmannsins. Myndskeið úr öryggismyndavél við Hafnarfjarðarhöfn, tekið snemma að morgni hins örlagaríka dags, sýndi gerandann fjarlægja muni tengda verknaðinum úr bíl sínum.



## 9. júlí

### LÍKAMSÁRÁS Í BREIÐHOLTI

Karl um þrítugt var handtekinn í Breiðholti síðdegis í gær eftir að hafa stungið þar annan mann með hnífi. Polandinn, karl um fertugt, var með stungusár á fæti og var fluttur á slysadeild. Árásarmaðurinn var einnig með áverka en minniháttar. Svo virðist sem mennirnir hafi setið saman í bíl sem lögreglan fann á vettvangi og í honum brotist út átök með fyrrgreindum afleiðingum. Ekki er að fullu ljóst hvers vegna eða um hvað mennirnir deildu.

*lrh.is*

Þetta og fleira til renndi stöðum undir grunsemdir lögreglu en svo fór að maðurinn játaði sök í byrjun september. Hann þekkti unnustu hins látna og var gagntekinn af henni. Talið er að það hafi ráðið miklu um að svona hörmulega fór. Manndrápið vakti gríðarlega athygli enda var atlagan hrottafengin og fólk var slegið óhug. Ekkert annað mál hjá embættinu fékk viðlíka umfjöllun í fjölmiðlum og morðið í Hafnarfirði.

Ofbeldisbrot árið 2010 voru rúmlega 800 en um 100 þeirra teljast alvarleg (218. gr. alm. hegningarlaga). Fjöldi alvarlega ofbeldisbrota hefur nánast verið óbreyttur öll starfsár lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, eða um 100 árlega. Eins og gefur að skilja er hér oft um fólkskulegar líkamsárásir að ræða. Slíkt átti við þegar ráðist var á unglingsstúlku í október. Árásin var tilefnislaus en hún var gerð um miðjan dag á göngustíg norðan Suðurlandsbrautar í Reykjavík. Árásarmaðurinn, karl á þrítugsaldri, náðist síðar og játaði sök.

Um mánuði seinna, í nóvember, var lögregla kölluð á annan stað í borginni. Í húsi í Þingholtunum fannst karl um sextugt meðvitundarlaus eftir barsmiðar. Líkamsárásin var mjög hrottaleg en maðurinn hlaut höfuðáverka og var fluttur þungt haldinn á sjúkrahús. Árásarmaðurinn, sem reyndist vera sonur þolandans og er á fertugsaldri, var á bak og burt en var handtekinn fljótlega. Á heimili hans fundust fíkniefni en oftár en ekki eru gerendur í slíkum málum í annarlegu ástandi.

Og áður en árið var úti fóru tveir ofbeldismenn að heimili í Bústaðahverfinu á aðfangadagsmorgun en þeir áttu eitthvað vantalað við húsráðandann. Kom til átaka en mennirnir héldu síðan á brott. Þeir sneru svo aftur að húsinu um hádegisbil ásamt tveimur öðrum mönnum og höfðu þá einnig haglabyssu meðferðis.

## 9. júlí

### ÓGNADI VEGFARENDUM MEÐ HNÍFI

Karl á sextugsaldri var handtekinn í miðborginni í gærkvöld eftir að hafa ógnað þar tveimur vegfarendum með hnífi. Maðurinn, sem var mjög ölsaður, var fluttur í fangageymslu og láttinn sofa úr sér vímuna. Hann var svo yfirheyrður eftir nætursvefn í fangaklefa en átti erfitt með að muna atburðarás gærkvöldsins.

Tveimur skotum var hleypt af haglabyssunni og höfnuðu þau bæði í útidyrhurð en byssan var einnig notuð til að brjóta rúðu í húsinu. Engan sakaði við þetta en heimilisfólkið hafði forðað sér út bakdyrarnir áður en skotið var á húsið. Árásarmennirnir, sem eru á þrítugs- og fertugsaldri, voru handteknir þegar þeir reyndu að komast undan. Haglabyssan fannst á vettvangi en tilefni árásarinnar var uppgjör skulda. Einn lögreglumaður var sleginn í andlitið þegar árásarmennirnir voru handteknir en árið 2010 voru skráð um 50 brot vegna ofbeldis gegn lögreglumönnum hjá embættinu.

*lrh.is*



## 17. september

### KANNABISRÆKTUN - 400 PLÖNTUR HALDLAGÐAR

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabISRæktun í húsi í Árbæ nýverið. Við húisleit á áður nefndum stað fundust tæplega 400 kannabISplöntur á ýmsum stigum ræktunar. Þrír karlar á þrítugsaldri voru handteknir í tengslum við rannsókn málsins.

Fyrirnefnd aðgerð er liður í að hamla gegn sölu og dreifingu fíkniefna en sem fyrr minnir lögreglan á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. Fíkniefnasíminn er samvinnuverkefni lögreglu og tollyfirvalda og er liður í baráttunni við fíkniefnavandann.

*lrh.is*

## 11. febrúar

### GRIPNIR GLÓÐVOLGIR

Tveir piltar, 17 og 19 ára, voru gripnir glóðvolgir þegar þeir voru að neyta fíkniefna í bíl á ónefndu bílastæði í austurborginni í gær. Á sama tíma stóð yfir æfing með fíkniefnaleitarhunda á svæðinu og því voru óvenju margir lögreglumenn og tollverðir nærstaddir. Það voru því hægt heimatókin að handtaka piltana en annar þeirra á jafnframt yfir höfði sér refsingu fyrir að hafa ekið undir áhrifum fíkniefna.

*lrh.is*

## KannabISRæktanir

Áfram var unnið að því að stöðva kannabISRæktanir á höfuðborgarsvæðinu árið 2010 og iðulega með góðum árangri. Þær voru á móta margar og árið 2009 og sömuleiðis sá fjöldi kannabISplantna sem lagt var hald á. Í umdæminu voru stöðvaðar nálægt sextíu kannabISRæktanir á árinu en í þeim voru að meðaltali um 200 kannabISplöntur í hverri. Samhliða var lagt hald á fjölda gróðurhúsalampa og ýmsan annan búnað sem fylgir þessari starfsemi. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu aðstoðaði jafnframt önnur lögreglulið við að stöðva kannabISRæktanir annars staðar á landinu þegar eftir því var leitað.

Baráttan við fíkniefnavandann er langtímaverkefni og þar verða allir að leggjast á eitt. Um nokkurt skeið hefur lögreglan haldið úti svokölluðum fíkniefnasíma, 800-5005, en í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. Fyrirkomulagið hefur reynst vel því ábendingar úr fíkniefnasímanum hafa gjarnan komið lögreglu á spor bæði fíkniefnasölumanna og þeirra sem standa að kannabISRæktunum. Upplýsingar frá almenningi vega þungt og eru lögreglu mikilvægar í baráttunni.

Þegar kemur að ræktun kannabISplantna leggja óprúttir aðilar ýmislegt á sig. Bæði hvað varðar búnað, sem getur verið mjög sérhæfður, og eins til að hylja starfsemina. KannabISRæktanir getur verið að finna á ólíklegustu stöðum, jafnt í fjölbýlishúsum sem annars staðar. Útsjónarsemin er stundum mikil, eins og sérsníðuð rými undir kannabISRæktun í íbúðarhúsum bera vitni um. Allt kapp er lagt á að fela starfsemina enda er hún ólögleg. KannabISRæktun getur líka verið hættuleg en á haustmánuðum kviknaði í húsi á höfuðborgarsvæðinu þar sem kannabISplöntur voru innandyra. Engan sakaði en tjónið var umtalsvert. Við brunarannsóknina kom í ljós að upptökin voru í herbergi þar sem kannabISRæktun var staðsett. Rafmagnsviftur voru notaðar við framleiðsluna en eldurinn kviknaði út frá þeim.



## 28. júní

### FÍKNIEFNASALI HANDTEKINN Í HAFNARFIRÐI

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann fíkniefni við húsleit í Hafnarfirði á föstudag. Um var að ræða bæði kókaín og marjúna. Á sama stað var einnig lagt hald á um 100 steratöflur og 1.150 millilítra af sterum í vökvaformi. Þá tók lögregla líka í sína vörslu töluvert af peningum sem grunur leikur á að séu tilkomnir vegna fíkniefnasölu. Húsráðandi, karl á þrítugsaldri, var handtekinn í þágu rannsóknarinnar.

Fyrirnefnd aðgerð er liður í að hamla gegn sölu og dreifingu fíkniefna en sem fyrr minnir lögreglan á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. Fíkniefnasíminn er samvinnuverkefni lögreglu og töllyfirvalda og er liður í baráttunni við fíkniefnavandann.

*lrh.is*

### Fleiri fíkniefnamál

Rannsóknir fíkniefnamála geta verið flóknar enda svífast þeir einskis sem standa að framleiðslu, dreifingu og sölu eiturfylfja. Brotastarfsemin er skipulögð í þaula og ekki óalgengt að um sé að ræða ákveðna verkaskiptingu. Svokölluð burðardýr koma þar líka við sögu og lögreglan þarf stöðugt að vera vel á verði. Verkefni hennar er því vandasamt en embættið býr að góðri samvinnu við önnur lögreglulið héraendis, auk toll- og skattyfirvalda, sem og Landhelgisgæsluna. Sama gildir um samstarf við Europol og önnur lögreglulið erlendis. Langtímarannsóknir eru nær undantekningarlaust unnar í samvinnu við erlend lögreglulið og þá oftast með aðkomu Europol.

Samvinna tryggir betri árangur, ekki bara fyrir lögregluna á höfuðborgarsvæðinu eða íslensk lögreglufirvöld, heldur líka fyrir erlenda starfsbræður. Mál af slíkum toga var til rannsóknar á vormánuðum þegar erlent skip kom til hafnar á Austfjörðum. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fór með rannsókn málsins, sem unnin var í samvinnu við lögreglufirvöld í Hollandi, og naut við það aðstoðar bæði annarra lögregluliða og stofnana héraendis eins og svo oft áður. Aðgerðin var víðtæk og tengdist haldlagningu á marjúana ytra en ekkert fannst reyndar við leit í skipinu héraendis. Þrjú hollenskir skipverjar voru hér í haldi í stuttan tíma en mennirnir voru allir handteknir á nýjan leik síðar á árinu. Það var gert í viðamiklum aðgerðum erlendis en samhliða var lagt hald á marjúana í tonnatali. Við rannsóknina var m.a. stuðst við upplýsingar frá Íslandi en alþjóðlegt samstarf lögregluliða er ekki síst mikilvægt þegar kemur að fíkniefnamálum, eins og áður hefur verið tíundað. Og meira af slíku því í nóvember var Íslendingur handtekinn á landamærum Danmerkur og Þýskalands með tæplega 10 kg af amfetamíni í fórum sínum. Talið er að fíkniefnin hafi átt að flytja til Íslands en lögreglan á höfuðborgarsvæðinu vann að rannsókn málsins með dönskum lögreglufirvöldum.

## 10. desember

### HALD LAGT Á 400 GRÖMM AF KÓKAÍNI

Tveir karlar voru handteknir í tengslum við rannsókn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á innflutningi á kókaíni til landsins. Jafnframt var lagt hald á um 400 grömm af kókaíni sem reynt var senda til Íslands í tvennu lagi frá Suður-Ameríku. Bresk lögregluþvöld komust á snoðir um fyrri sendinguna en í framhaldinu hófst aðkoma lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Íslenskir tollverðir fundu svo seinni sendinguna en í báðum tilvikum var móttakandinn sá hinn sami. Mennirnir sem um ræðir eru báðir um þrítugt en annar þeirra hefur áður komið við sögu hjá lögreglu. Þeim hefur nú báðum verið sleppt úr haldi en annar þeirra sat í gæsluvarðhaldi í tvo sólarhringa vegna rannsóknarhagsmuna.

*lrh.is*

Í apríl voru fjórir menn handteknir á höfuðborgarsvæðinu og sá fimmti á Keflavíkurlflugvelli við komu til landsins. Þeir tengdust allir innflutningi á 1,6 kg af kókaíni frá Spáni. Rannsókn málsins hafði staðið yfir mánuðum saman en lögreglan hleraði bæði síma og notaðist við eftirfararbúnað. Hlutverk mannanna við innflutninginn var misjafnt en þeir skiptu með sér verkum. Sem betur fer var öll vinna fimmennanna unnin fyrir gýg en lögreglan kom í veg fyrir dreifingu fíkniefnanna þegar hún fann kókaínið í farangursgeymslu bifreiðar sem hún stöðvaði í Reykjavík. Í þágu rannsóknarinnar var enn fremur lagt hald á rúmlega átta milljónir króna í reiðufé og skartgripa að verðmæti um tvær milljónir. Og þegar dómur gekk í málinu voru peningarnir og skartgripirnir gerðir upptækir til ríkissjóðs. Þess má geta að bæði Europol og bandaríska fíkniefnalögreglan, DEA, höfðu aðkomu að rannsókninni.

Síðar á árinu fannst tæplega 1 kg af kókaíni í heldur óvenjulegu máli. Starfsmenn skipafélags voru þá að færa til eyðingar ósótta sendingu. Samkvæmt farmskírteini var um bækur að ræða og var það rétt að mestu leyti. Í einni þeirra voru hins vegar falin fíkniefni, eins og starfsmennirnir uppgötvuðu. Sendingin hafði komið frá Svíþjóð fyrir allöngu en enginn hafði hirt um að sækja hana. Kókaínið reyndist hafa verið í geymslu skipafélagsins í ein sex ár.





## 15. desember

### 500 SKAMMTAR AF LSD HALDLAGÐIR

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, í samvinnu við lögregluna á Suðurnesjum og tollgæsluna, rannsakar nú innflutning á 500 skömmtum af LSD sem voru haldlagðir af tollvörðum í síðustu viku. Nokkrar skýrslutökur hafa farið fram í þágu rannsóknarinnar en ekki er hægt að veita frekari upplýsingar um gang hennar að svo stöddu.

LSD hefur lítið komið við sögu í málum hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár. Í fyrra voru nánast engir skammtar af LSD haldlagðir á höfuðborgarsvæðinu en árið 2008 voru þeir um 360 og tæplega 700 árið 2007.

*lrh.is*

### Amfetamínbasi í eldsneytistanki

Á þjóðhátíðardaginn lagðist farþegaskipið Norræna að bryggju á Seyðisfirði. Í hópi farþeganna voru tvær þýskar konur, önnur fertug en hin um þrítugt, en með í för var einnig 5 ára sonur yngri konunnar. Fólkíð hafði ekið frá Þýskalandi og komið um borð í Norrænu í Danmörku. Hafi þau ætlað í skemmtiferð um Ísland þá breyttust þau áform snarlega við eftirlit tollgæslu og lögreglu þar eystra. Faldir í eldsneytistanki bifreiðar þeirrar fundust tæplega 20 lítrar af amfetamínbasa. Konurnar voru umsvifalaust handteknar en barninu var komið í hendur barnaverndaryfirvalda og það síðan sent aftur til síns heima í Þýskalandi. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fór með rannsókn málsins en að því komu einnig lögreglumenn frá öðrum embættum, auk tollvarða.

Umræddur bill var í eigu eldri konunnar en hún hafði farið á honum til Litháens skömmu fyrir Íslandsferðina. Talið er að þá hafi amfetamínbasanum verið komið fyrir í eldsneytistankinum en konan sagðist hafa fengið bílinn að gjöf frá vini sínum, sem heimsótti hana til Þýskalands fáeinum vikum áður. Eftir stutta dvöl í Litháen ók konan aftur til Þýskalands en hélt síðan fljótlega eftir það til Íslands. Þá höfðu mæðginin slegist með í för, eins og áður sagði, en konurnar eru báðar búsettar í bæ skammt frá Hamborg. Þess má geta að úr vökvanum sem fannst í bílnum hefði mátt framleiða á bilinu 150-260 kg af amfetamíni, allt eftir styrkleika. Til samanburðar má nefna að árlega neysla amfetamíns á Íslandi er um 300 kg að mati SÁÁ. Málið var rannsakað í samvinnu við lögregluyfirvöld í Þýskalandi fyrir milligöngu Europol.





## 12. janúar

### GÆSLUVARÐHALD VEGNA AÐILDAR AÐ VÆNDI

Í dag var kona um þrítugt úrskurðuð í gæsluvarðhald til 9. febrúar að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til að koma í veg fyrir áframhaldandi brotastarfsemi hennar. Konan var handtekin í byrjun desember síðastliðin vegna gruns um aðild að mannsali og að hafa haft millligöngu um vændi.

*lrh.is*

## Kynferðisbrot og heimilisofbeldi

Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust tæplega 900 tilkynningar um heimilisofbeldi árið 2010. Nokkur málanna voru mjög óhugnanleg en þolendur voru ýmist beittir líkamlegu eða andlegu ofbeldi og jafnvel hvoru tveggja. Þeir sem áttu um sárt að binda voru jafnt börn sem fullorðnir. Eitt þessara mála var til rannsóknar hjá embættinu í ársbyrjun en í hlut átti fjölskylda í Reykjavík. Á heimilinu voru tvö ung börn sem bæði urðu fyrir því að beinbrotna, annað á báðum höndum en hitt á fæti. Útskýringar foreldranna á því sem gerðist þóttu ótrúverðugar og barnaverndaryfirvöld kölluðu til lögreglu. Rannsókn málsins var flókin en leitað var eftir mati lækna á áverkum barnanna. Ákæra var síðar gefin út og um mitt sumar fékk móðirin, sem er á þrítugsaldri, skilorðsbundinn fangelsisdóm. Nokkrum mánuðum seinna, um haustið, var karl á fertugsaldri vistaður á Sogni eftir að hafa reynt að ráða foreldrum sínum bana í borginni. Maðurinn, sem hefur átt við geðræn vandamál að stríða, notaði skrúfjárn við verknaðinn en hann stakk báða foreldrana, sem eru um sjötugt, í andlitið á meðan þeir sváfu á heimili sínu. Sonurinn sló jafnframt föðurinn í höfuðið með eldhúsáhaldi en sá síðarnefndi missti meðvitund við höggið.

Fleiri miður skemmtileg mál komu á borð lögreglu. Rúmlega 30 blygðunarsemisbrot voru til rannsóknar árið 2010, liðlega 35 kynferðisbrot gegn börnum og um 70 nauðganir (194. gr. alm. hegningarlaga). Oftar en ekki voru fyrstu samskipti aðila í gegnum Netið en þar ber ýmislegt að varast. Ástæða er til að minna fólk á að fara varlega þegar það veitir persónulegar upplýsingar og eins getur verið áhættusamt að hitta netvin, sem það veit engin deili á. Þetta á sérstaklega við um börn og unglinga og mikilvægt að foreldrar og forráðamenn þeirra séu meðvitaðir og haldi vöku sinni. Snemma árs var til rannsóknar mál af þessu tagi þar sem piltur um tvítugt nauðgaði stúlku á fermingaráldri en þau kynntust á Netinu. Því miður er þetta mál ekki einsdæmi.

## 26. febrúar

### LÍKAMSÁRÁS Í MIÐBORGinni

Piltur um títugt varð fyrir líkamsárás í miðborginni í nótt. Sá var sleginn í andlitið og fékk skurð á augabrún. Árásarmaðurinn var á bak og burt þegar lögreglan kom á vettvang en mennirnir höfðu báðir verið í samkvæmi í heimahúsi. Við eftirgrennslan kom í ljós að enginn í samkvæminu kannaðist við árásarmanninn og virðist því hafa verið um óboðinn gest að ræða.

*lrh.is*



Seinnipart sumars var karl um þrítugt handtekinn í máli sem tengdist alþjóðlegri lögreglurannsókn á barnaníði. Rannsóknin, sem gekk undir nafninu *Operation Rescue* og teygði sig til fjölmargra landa, sneri að samskiptum aðila á spjallrás á Netinu. Þar voru til umfjöllunar myndir sem á mátti sjá börn misnotuð kynferðislega. Embættinu bárust gögn um málið frá Europol en í þeim var íslensk IP-tala (einkennistala tölvu) rakin til manns á höfuðborgarsvæðinu. Í framhaldinu var umræddur maður handtekinn og yfirheyrður og hjá honum gerð húsleit. Hald var lagt á tölvubúnað en í honum fundust gögn um þátttöku mannsins í spjalli á Netinu þar sem umræðuefnið var barnaníð. Hinn grunaði, sem notaðist ávallt við sama gælunafn þegar hann tók þátt í spjalli af þessu tagi, viðurkenndi aðild sína að málinu. Maðurinn, sem fékk fangelsisdóm héraðs í máli af svipuðu tagi fyrir nokkrum árum, neitaði því hins vegar að hafa undir höndum efni sem sýndi kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum. Ekki var það nú sannleikanum samkvæmt því í tölvugögnum hans fundust fimm hreyfiskeið sem öll sýndu kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum.

Vændismál komu líka við sögu hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu en snemma árs voru til rannsóknar allnokkrir menn sem höfðu keypt sér þjónustu vændiskvenna. Dómur féll í málum þeirra um haustið en flestum manna var gert að greiða sekt. Niðurstaðan markaði ákveðin tímamót en frá árinu 2009 voru vændiskaup gerð refsiverð í ákvæði laganna.



## 30. nóvember

### RÁN Í KÓPAVOGI

Rán var framið í verslun í Kópavogi á föstudagskvöld. Málsatvik voru þau að átján ára piltur kom í verslunina, ógnaði starfsmanni hennar og krafði um peninga og hafði síðan eitthvað af þeim á brott með sér. Kauði komst hinsvegar ekki langt með ránsfenginn því hann var handtekinn skömmu seinna í húsi skammt frá vettvangi.

*lrh.is*

## 17. febrúar

### HANDTEKIN FYRIR FJÁRSVIK

Kona á þrítugsaldri var handtekin fyrir fjársvik á gististað á höfuðborgarsvæðinu í gær. Hún notaði stolið greiðslukort til að borga fyrir gistinguna. Í herbergi konunnar fundust einnig munir sem hún gat ekki gert grein fyrir.

*lrh.is*

## Rán og fjársvik

Ekki er eftir miklu að slægjast fyrir óprúttna aðila þegar rán í verslunum og söluturnum eru annars vegar. Í afgreiðslukössum eru aldrei geymdar háar fjárhæðir og afrakstur ræningjanna er eftir því. Þrátt fyrir þessar augljósu staðreyndir eru ýmsir sem láta tilleiðast í von um skjótfenginn gróða. Tilraunir þeirra eru samt iðulega dæmdar til að mistakast og svo var líka árið 2010. Í kringum 30 rán voru framin í umdæminu en mikil áhersla var lögð á að upplýsa þau fljótt og vel. Sammerkt með þeim flestum var að ræningjarnir voru ungir að árum og oftast en ekki virtist tilgangurinn vera að fjármagna fikniefnaneyslu. Aðferð þeirra var yfirleitt sú sama, eða að hóta og ógna starfsfólki, oft með hnífum eða einhvers konar bareflum. Enginn slasaðist alvarlega í þessum ránum og það er auðvitað fyrir mestu.

Ýmsum aðferðum er beitt þegar útsmognir svikahrappar reyna að komast yfir peninga. Engir voru þó jafn stórtækir og menn sem handteknir voru í september, grunaðir um að svikja endurgreiðslur út úr virðisaukaskattkerfi ríkisins. Umrædd fjársvik beindust gegn virðisaukaskattsskrifstofu skattstjórans í Reykjavík og ríkisskattstjóra en upphæðin nam um 275 milljónum króna. Tilkynning um peningaþvætti kom málinu af stað en fjársvikin stóðu yfir frá haustdögum 2009 og fram á sumarið 2010. Peningarnir voru tilkomnir vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti í tengslum við framkvæmdir við atvinnuhúsnæði. Rannsókn lögreglu leiddi hins vegar í ljós að fyrirtækin sem fengu endurgreitt áttu ekki umrætt húsnæði. Einnig kom það á daginn að engar framkvæmdir höfðu yfirleitt átt sér stað. Átta manns voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald í þágu rannsóknarinnar, sem var mjög umfangsmikil, en einn þeirra var handtekinn í Suður-Ameríku eftir að hafa verið eftirlýstur af Interpol.



# R-1 Fjárförvaringur og skjálambrotadeild

## 26. febrúar

### HÚSBROT OG RÁN Í ÁRBÆ

Karl og kona á fimmtugsaldri ruddust inn í íbúð í Árbænum eftir hádegi í gær og höfðu þaðan á brott með sér ýmsa muni. Fólkið, sem var ölvæð, var handtekið nokkru síðar í íbúð á öðrum stað í borginni. Þar innandyra fundust fyrrnefndir munir sem lögreglan haldlagði sem og exi sem þar var einnig að finna. Húsráðandinn í Árbænum, karl á fimmtugsaldri, var bólginn eftir heimsóknina en til einhverra átaka mun hafa komið.

*lrh.is*

Blekkingar, og það stórfelldar, voru óspart notaðar í máli sem kom á borð lögreglu fyrripart ársins en í apríl var karl á sextugsaldri handtekinn í kjölfar fjölda tilkynninga um vafasamt hátterni hans. Maðurinn, sem var bæði tekjulaus og gjaldþrota, var grunaður um að hafa ítrekað haft fé af fólki með blekkingum en við skoðun á bankareikningum hans aftur í tímann mátti sjá mikla fjármuni fara þar um. Hinn grunaði sat í gæsluvarðhaldi í sex vikur en fyrir handtökuna hafði ítarleg rannsókn þegar farið fram. Á meðan varðhaldinu stóð voru síðan margir kallaðir í skýrslutökur en brotapolarnir skiptu tugum og fjárhæðirnar voru eftir því. Talið er að maðurinn hafi haft yfir 100 milljónir króna af fólkinu en því kynntist hann á ólíklegustu stöðum. Til dæmis kynntist einn brotapolinn svindlaranum þegar hann lenti í árekstri við hann. Bragðarefurinn virðist hafa átt auðvelt með að öðlast traust fólks á skömmum tíma en það afhenti honum tugi milljóna gegn loforði um góða ávöxtun, oftast tengt gjaldeyri. Einhverjir brotapolanna fengu eitthvað greitt til baka en endurgreiðslurnar virðast hafa verið fjármagnaðar með fjármunum frá öðrum fórnarlömbum mannsins. Aðferð svikahrappsins er ekki með öllu óþekkt erlendis en henni má líkja við svokallaða Ponzi fléttu (Ponzi scheme).

Rannsóknir á fjárreiðum grunaðra manna eru ekki síst mikilvægar þegar um skipulagða brotastarfsemi er að ræða. Þannig voru umtalsverðir fjármunir gerðir upptækir í máli sem snerist að mestu um innflutning á kókaíni. Um það er fjallað annars staðar í árskýrslunni en einn sakborninganna í málinu var í árslok dæmdur í 2 ára fangelsi fyrir peningabætti. Líta má á dóminn sem skýr skilaboð þegar kemur að rannsóknum af þessu tagi.



## 25. nóvember

### HRADAMÆLINGAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Eitt af verkefnum umferðardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eru hraðamælingar. Ómerkt lögglubifreið, sem er búin myndavélabúnaði, er m.a. notuð til að sinna þessu en reynslan hefur sýnt að notkun slíks búnaðar gefur gagnlegar upplýsingar um ástand umferðarmála og auðveldar leit að lausnum þar sem þeirra er þörf. Myndavélabíllinn hefur verið óspart notaður undanfarin ár, ekki síst í íbúðahverfum, en niðurstöður allra hraðamælinga hans er hægt að nálgast á lögregluvefnum. Að sjálfsögðu verður framhald á hraðamælingum í öllum hverfum í umdæminu en lögreglan beinir ennfremur sjónum sínum í auknum mæli að vegarköflum þar sem nokkuð hefur verið um umferðaróhöpp og/eða slys. Ráðgert er að hraðamælingar fari fram oftast en einu sinni á hverjum þessara staða en næstu vikur og mánuði verður lögreglan m.a. við eftirlit á vegarköflum á eftirtöldum götum:

Gullinbrú, Sæbraut, Miklabraut, Breiðholtsbraut, Fjarðarhraun, Hafnarfjarðarvegur, Bústaðavegur, Reykjanesbraut og Hringbraut (Reykjavík).

*lrh.is*

### Umferðarlöggæsla

Undanfarin misseri hefur lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagt mikla áherslu á sýnilega löggæslu. Það á ekki síst við þegar umferðarmál eru annars vegar en þessari stefnu embættisins var framhaldið árið 2010. Tilgangurinn er fyrst og fremst að fækka slysum í umferðinni en vel hefur miðað í þeirri baráttu síðustu árin. Lögreglan hefur farið ýmsar leiðir til að ná markmiðum sínum en ein þeirra er að fylgjast sérstaklega með umferð á fjölförnum gatnamótum og stofnbrautum á álagstímum. Þetta eru jafnframt svokallaðir svartblettir þar sem óhöpp og slys hafa verið tíð. Samhliða hefur lögreglan fylgst með umferðarhraða í og við íbúðagötur í umdæminu og raunar gert það með kerfisbundnum hætti frá árinu 2008. Með þessu móti hafa safnast mikilvægar upplýsingar um raunhraða á þessum stöðum. Niðurstöður hraðamælinga í íbúðahverfum eru enn fremur sendar sveitarfélögunum til upplýsinga svo þau geti brugðist við þar sem tilefni er til. Ástæða er hins vegar til að nefna að viðbrögð sveitarfélaganna mættu vera betri þegar kemur að úrbótum vegna hraðaksturs.

Lögreglan hélt sínu striki við umferðareftirlit og var oftast við hraðamælingar í íbúðahverfum ef eitthvað var. Einnig var fylgst með umferð við grunn- og leikskóla og á ýmsum öðrum stöðum, oft í kjölfar ábendinga um hraðakstur. Þess konar eftirlit er ekki nýtt af nálinni en hefur orðið mjög markvisst í seinni tíð. Umferðareftirlit almennt á sér auðvitað langa sögu og hluta hennar má rifja hér stuttlega upp. Árið 2010 voru nefnilega ákveðin tímamót hvað það varðar en þá var liðin hálf öld frá stofnun umferðardeildar lögreglunnar. Áfangans var minnst með veglegri afmælisveislu og sóttu hana margir góðir gestir.

## 14. desember

### STÖÐUBROT - HUGSUNARLEYSI ÖKUMANNA

Mikið er um stöðubrot í Reykjavík en um helgina hafði lögreglan afskipti af hátt í fimm hundruð ökutækjum vegna þessa, jafnt á miðborgarsvæðinu sem annars staðar. Þannig var bílum t.d. lagt ólöglega við Laugardalshöll og Grafarvogskirkju en á báðum stöðum voru næg bílastæði í aðeins 2-3 mínútna göngufæri frá áður nefndum stöðum. Þá ber sömuleiðis nokkuð á því að fullfrískir einstaklingar nýti sér stæði sem eru sérmerkt fötluðum. Fullorðin, fötluð kona sem býr á miðborgarsvæðinu þurfti t.d. að hringja í lögregluna í tvígang um helgina en í bæði skiptin var það vegna óforskammaðra bílstjóra sem lögðu í einkastæðið hennar þrátt fyrir að það sé kyrfilega merkt með viðeigandi hætti.

Sem fyrr hvetur lögreglan ökumenn til að leggja löglega, m.a. til að þeir komist hjá útgjöldum en nú er 5000 kr. sekt vegna stöðubrots en gjaldið rennur í Bílastæðasjóð.

*lrh.is*

Fyrir 1960 var sérstök bifhjólaveit starfandi hjá lögreglunni en liðsmenn hennar voru uppistaðan í hinni nýju umferðardeild, sem hafði yfir að ráða þremur bílum og átta mótórhjólum. Á fimmtíu árum hefur umferðarlöggæsla eðlilega tekið nokkrum breytingum en ekki verður gerð grein fyrir þeim hér.

Verkefni umferðardeildarinnar voru vitaskuld fjölmörg á árinu 2010 og fjölbreytt eftir því. Að mörgu er að hyggja þegar umferðarskipulag er annars vegar en embættið býr yfir mikilli reynslu á því sviði. Umferðin gengur því oftast vel fyrir sig, bæði á hinum hefðbundnu álagstímum virka daga og líka þegar alls konar stórvíðburðir fara fram. Hér má nefna umferðarstjórn í tengslum við hátíðahöld, tónleika og íþróttavíðburði. Sérstök ástæða er til að geta Menningarnætur þegar 100 þúsund gestir heimsækja miðborgina. Þá er mikilvægt að skipulag umferðarmála sé hnökralaust og að því er stöðugt unnið. Svokallaðar lögreglufylgdir fylgja einnig starfinu en þær eru m.a. viðhafðar þegar um opinberar heimsóknir er að ræða. Stöku sinnum þarf að veita aðstoð við umferðarlöggæslu í öðru umdæmum líkt og þegar eldgos hófst á Suðurlandi í mars.

### Banaslys og hraðakstursbrot

Frá upphafi hefur ein af megináherslum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu verið að fækka slysum. Vel hefur orðið ágengt í þeim efnum en betur má ef duga skal. Sérstaklega má líta til banaslysa í umferðinni hvað það varðar. Árið 2010 gefur þó vonandi fyrirheit um þróun til betri vegar en eitt banaslys kom til rannsóknar hjá embættinu. Til samanburðar má nefna að þau voru ýmist tvö eða þrjú á árunum 2007-2009. Þetta árið varð banaslys skömmu fyrir jól en ekið var á gangandi vegfaranda á Snorrabraut í Reykjavík. Hinn látni var karl á sextugsaldri en tekið skal fram að slysið var ekki rakið til hraðaksturs. Að venju voru þó mörg hraðakstursbrot framin í umdæminu, eða um tólf þúsund. Fleiri umferðarlagabrot komu á borð lögreglunnar og skal nú greint nánar frá þeim helstu.

### 14 ÁRA Á RÚNTINUM

Sumir eru ansi óþreyjufullir þegar bílprófið er annars vegar en um helgina barst tilkynning um 14 ára pilt sem var á rúntinum í Hafnarfirði. Kauði var kominn til síns heima áður en lögreglan náði til hans og hafði þá skilað bæði bílnum og sjálfum sér heilum á húfi. Betur fór því en á horfðist enda uppátækið stórhættulegt. Pilturinn fékk orð í eyra og sömuleiðis jafnaldri hans sem var með í för. Sá yfirgaf bílinn þegar rúnturinn stóð sem hæst en viðkomandi var handsamaður þar sem hann reyndi að fela sig í húsagarði.

*lrh.is*



Fjölmargir ökumenn setja það ekki fyrir sig þótt þeir hafi verið sviptir ökuleyfi og aka áfram eins og ekkert hafi í skorist. Nálægt 500 brot af því taginu voru skráð hjá lögreglu árið 2010. Sömuleiðis eru alltaf margir ökumenn í umferðinni sem aldrei hafa öðlast ökuréttindi en 300 slík mál voru færð til bókar á árinu. Ölvunar- og fíknefnaakstursbrot komu líka oft til kasta lögreglu en 800 sinnum stöðvaði hún för drukkinna ökumanna. Bílstjórar undir áhrifum fíkniefna voru hins vegar 500, eða ámóta margir og þeir sem töluðu í síma án handfrjálss búnaðar á meðan akstri stóð. Mörgum reyndist líka erfitt að nema staðar í samræmi við stöðu umferðarljósa hverju sinni en 600 ökumenn voru teknir fyrir að aka gegn rauðu ljósi. Þrátt fyrir að margir aki drukknir, eins og áður var nefnt, hefur umferðaróhöppum sem tengjast ölvunarakstri engu að síður fækkað á undanförunum árum.

Afskipti af ökumönnum eiga sér stað alla daga en haldið er úti öflugum umferðareftirliti árið um kring. Af tölunum hér á undan má ráða að í hverri viku er fjöldi ökumanna staðinn að því að aka undir áhrifum áfengis eða fíkniefna. Eðli málsins samkvæmt eru flestir þeirra teknir fyrir slíkar sakir um helgar og þá gjarnan að kvöld- eða næturlagi. Óhætt er því að segja að mál sem þessi eru daglegt brauð. Stundum kemur sama fólkið ítrekað við sögu í umferðarlagabrotum og dæmi eru um ökumenn sem eru jafnvel stöðvaðir tvisvar sama daginn. Þótt eftirlitið sé mikið er það enn aukið þegar sérstök ástæða er til. Þannig er eftirlit með ölvunar-, fíkniefna- og lyfjaakstri t.d. stóraukið í jólamánuðinum en þá er jafnvel kannað með ástand nokkur hundruð ökumanna á einum og sama deginum. Eftirlit getur líka verið árstíðabundið, eins og á við á sumrin þegar fylgst er með alls konar ferðavögnum og reynt er að tryggja að öryggisbúnaður þeirra sé í lagi.

## 26. október

### SOFNÆÐI VIÐ STÝRIÐ

Betur fór en á horfðist þegar jeppa var ekið á ljósastaur við Reykjanesbraut í Garðabæ í gærmorgun. Ökumanninn sakaði ekki en undir stýri var kona um fertugt og mun hún hafa sofnað við aksturinn. Bíllinn skemmdist hinsvegar allnokkuð.

*lrh.is*



### Kæruleysi ökumanna

Að mörgu er að hyggja í umferðinni og sennilega kemur seint sá dagur að allir ökumenn hafi sitt alveg á hreinu. Afskipti af ökumönnum eru af ýmsum ástæðum og oft er kæruleysi þeirra sjálfra um að kenna. Í þann flokkinn fellur að aka um á nagladekkjum um hásumar en slíkt gerist á hverju ári. Skortur á stefnuljósanotkun er heldur ekki til eftirbreytni og má jafnvel kalla leti. Margir hirða ekki um að hafa ökuskírteini meðferðis, sem þó er mikilvægt, og enn aðrir tala í síma án handfrjálss búnaðar. Síðartalda framferðið skapar beinlínis hættu í umferðinni enda skipta einbeiting og viðbrögð ökumanna höfuðmáli. Ljósabúnaði er oft ábótavant og ekki er ástandið betra þegar kemur að ótryggðum og óskoðuðum ökutækjum. Þau skipta þúsundum en skráningarnúmer þeirra eru fjarlægð við afskipti lögreglu. Af þessu má sjá að í mörg horn er að líta þegar umferðareftirlit er annars vegar.







## 10. febrúar

### HANDBOLTAKAPPI Á HRAÐFERÐ

Honum lá mikið á, níján ára pilti, sem lögreglan stöðvaði við akstur í Reykjavík síðdegis í gær en sá ók greitt og sveigði ótæpilega á milli annarra ökutækja. Ungi maðurinn sagðist vera að fara að keppa í handbolta og því orðið að gefa í en í bílnum voru líka nokkrir félagar hans á svipuðum aldri sem vafalaust áttu líka að taka þátt í leiknum. Öllum var gerð grein fyrir því að svona akstursmáti væri stórhættulegur og virtust þeir meðtaka skilaboðin. Til öryggis var þeim fylgt á leikinn og farið með ökumanninum alla leið inn í búningaklefa. Þar var rætt við þjálfara tiltsins og honum bent á að leikmenn hans þyrftu að haga sér vel, jafnt innan vallar sem utan. Þjálfarinn tók þessum ábendingum vel og ætlaði að ræða þetta frekar við strákana. Ekki er vítað hvernig leikurinn fór!

*lrh.is*

Lögreglan tekur líka á stöðubrotum, þ.e. þegar lagt er ólöglega, en þau eru framin alls staðar í umdæminu. Brotin er oftast keimlík að því leyti að almenn bílastæði eru gjarnan í 2-3 mínútna göngufæri frá brotavettvangi! Sömuleiðis er það litið hornauga þegar fullfrískir einstaklingar nýta sér bílastæði, sem eru sérmerkt fötluðum. Ekki skal fullyrt um gáleysi eða ásetning ökumanna í þessum tilvikum en það síðarnefnda átti hins vegar við þegar bíl var ekið með undarlegum hætti í miðborginni á haustdögum. Þá fór ökumaður sem leið lá upp Bankastræti og Laugaveg á móti umferð og ók jafnframt írekað upp á gangstétt. Ekki þarf að fara mörgum orðum um slyshættuna sem kann að hljótast af svona óábyrgri hegðun. Ökumaðurinn, sem var hvorki undir áhrifum áfengis né fíkniefna, var síðar kallaður til skýrslutöku á lögreglustöð. Hann viðurkendi brot sitt skýlaust og lofaði bót og betrun.

Karlinn sem var stöðvaður fyrir hraðakstur á Hafnarfjarðarvegi í febrúar hefur vonandi líka lært sína lexíu en það var fleira en hraði bílsins sem vakti athygli lögreglu. Í framsætinu sat nefnilega kona, sem var með barnið sitt í fanginu og hafði hún sama bílbeltið spennt yfir þau bæði. Atvik sem þetta ætti að vera einsdæmi en svo er því miður ekki. Í september var karl á fertugsaldri stöðvaður við akstur á Reykjanesbraut, sunnan Hafnarfjarðar. Í aftursætinu í bíl mannsins voru tvö börn en hvorugt þeirra var með tilskilinn öryggisbúnað. Annað þeirra hefði átt að vera í bílbelti og hitt tryggilega fest í barnabilstól. Svo var ekki en yngra barninu hafði ökumaðurinn leyft að liggja og sofa í aftursætinu. Í báðum tilfellum fengu ökumennirnir sekt, auk þess sem barnaverndaryfirvöld voru upplýst um afskipti lögreglu.

## 12. ágúst

### EKKI TIL FYRIRMYNDAR

Karl á þrítugsaldri var stöðvaður við akstur á Breiðholtsbraut í gærmorgun. Afskiptin voru tilkomin vegna þess að ökumaðurinn var að tala í síma án þess að notast við handfrjálsan búnað. Við frekari skoðun kom líka í ljós að maðurinn hafði þegar verið sviptur ökuleyfi. Að auki reyndist bíllinn vera ótryggður og þá voru ákvæði um skoðun heldur ekki fyrir hendi. Jafnframt voru röng skráningarnúmer á ökutækinu. Eftir að þetta hafði allt komið á daginn var bifreiðin fjarlægð af vettvangi og kveikjuláslyklar hennar teknir í vörslu lögreglu.

*lrh.is*

## 6. júlí

### ÖLVÆÐUR UNGLINGUR Á VESPU

Níu ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Átta voru stöðvaðir í Reykjavík og einn í Garðabæ. Einn var tekinn á föstudagskvöld, fjórir á laugardag og fjórir sömuleiðis á sunnudag. Þetta voru sjö karlar á aldrinum 15-42 ára og tvær konur, 25 og 44 ára. Einn þessara ökumanna hafði þegar verið sviptur ökuleyfi og tveir höfðu aldrei öðlast ökuréttindi. Annar þeirra síðastnefndu er 15 ára ökupór en sá var stöðvaður á vespu skammt frá lögreglustöðinni við Hlemm aðfaranótt laugardags. Strákurinn, sem var ölvæður eins og áður sagði, var ekki einn á vespunni því jafnaldrí hans var með í för.

*lrh.is*

## Fréttir úr umferðinni

Háttalagi fólks í umferðinni virðast engin takmörk sett en það er þó fátítt að ökumenn leiki á hljóðfæri við stýrið. Svo var samt raunin einu sinni á árinu en ökumaður var stöðvaður fyrir slíkar sakir á þjóðvegi í nágrenni höfuðborgarinnar. Við stýrið var karl á þrítugsaldri og harðneitaði hann að hafa spilað á fiðlu, sem hann var með í bílnum. Viðurkenndi þó að hafa sveiflað hljóðfærinu á meðan akstri stóð en í huga lögreglumanna á vettvangi var það litlu skárna og ekki heldur til eftirbreytni. Maðurinn fékk að halda för sinni áfram, og með fiðluna í fórum sínum, en án bílsins, sem reyndist ótryggður.

Árlega berast lögreglu margar tilkynningar um undarlegt aksturslag manna og er það vel. Með þessu móti tekst að upplýsa fleiri umferðarlagabrot og um leið að stuðla að auknu öryggi í umferðinni. Til mikils er að vinna en þetta er langtímaverkefni. Að minnsta kosti eiga sumir ökumenn erfitt með að bæta ráð sitt. Einn úr þeim hópi, karl um þrítugt, var staðinn að ofsaaakstri á Vesturlandsvegi snemma vors en þar ók maðurinn, sem jafnframt var ölvæður, bíl sínum á tæplega 150 km hraða. Viðkomandi var fluttur á lögreglustöð og sviptur ökuréttindum til bráðabirgða en maðurinn hafði áður verið tekinn fyrir ofsaaakstur.

Eins og áður var nefnt eru sibrotamenn til staðar í umferðinni. Kona á þrítugsaldri tilheyrir þeim einnig en í júní var henni tvisvar á sama sólarhring gert að hætta akstri. Hún var í annarlegu ástandi í bæði skiptin. Ökuprjótarnir eru annars á öllum aldri og af báðum kynjum. Stundum eru þeir ósakhæfir sökum aldurs en þá eru mál þeirra send barnaverndaryfirvöldum. Svo var um 14 ára pilt sem tók bíl traustataki seint á árinu og bauð vini sínum og jafnaldra með sér á rúntinn.

## 9. júlí

### Á NAGLADEKKJUM UM HÁSUMAR

Karl um fertugt var stöðvaður við akstur í vesturhluta borgarinnar um miðjan dag í gær en bíllinn hans var enn á nagladekkjum. Slíkt er með öllu óheimilt á þessum árstíma og því ber viðkomandi að greiða 5 þúsund krónur í sekt fyrir hvert nagladekk. Lögreglan ítrekar þau tilmæli til eigenda og umráðamanna ökutækja sem eru búin nagladekkjum að gera þar bragarbót á.

*lrh.is*

Til allrar hamingju komust strákarnir, sem voru sennilega báðir óþreyjufullir eftir bílprófinu, ómeiddir frá akstrinum en svona piltar koma alltaf við sögu hjá lögreglu annað slagð.

Ekki kemur á óvart að hraðakstur er það umferðarlagabrot sem flestir eru teknir fyrir. Samkvæmt tölfræðinni má líka sjá að karlar eru oftast teknir fyrir þær sakir en konur. Jafnframt koma yngri karlmenn yfirleitt við sögu þegar um ofsakstur er að ræða. Ekkert er þó algilt í þessum efnum og undantekningarnar eru margar. Hraðakstur óléttrar konu í janúar verður að teljast ein af þessum undantekningum enda ráku lögreglumenn upp stór augu þegar hún varð á vegi þeirra. Aðspurð um hraðferðina sagðist konan vera komin með hríðarverki og var henni því fylgt beinustu leið á sjúkrahús. Eftir því sem best er vitað var barnið samt ekki alveg tilbúið að koma í heiminn en vonandi gekk allt vel. Og vonandi lét óléttu konan það ógert að aka þá sjálf á fæðingardeildina enda var hún ekki með bílpróf.



## 31. desember

### FJÖLDI INNBROTA UPPLÝSTUR EFTIR HANDTÖKUR

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur að undanförunu upplýst á annan tug innbrota í fyrirtæki í Hafnarfirði. Tveir aðilar um þrjú hafa verið handteknir og játað á sig verknaðinn. Í rannsókn er hvort fleiri tengjast þessum málum. Talsvert af þeim munum sem stolið var hefur lögreglan þegar lagt hald á og mun koma til réttmætra eigenda á næstu dögum. Enn stendur yfir rannsókn á innbrotum sem hafa átt sér stað inn á heimili í Hafnarfirði og Garðabæ á síðustu vikum.

Lögreglan ítrekar að fólk tilkynni um grunsamlegar mannaferðir og að það skrifi líka hjá sér, t.d. bílnúmer eða jafnvel lýsingar á fólki, ef eitthvað óvenjulegt á sér stað í nánasta umhverfi þess. Upplýsingar af þessu tagi geta reynst lögreglu mjög gagnlegar en þeim má koma á framfæri í síma 444-1000 eða með því að senda tölvupóst á netfangið [abending@lrh.is](mailto:abending@lrh.is)

*lrh.is*



## Innbrot og þjófnaðir

Að jafnaði voru framin sex innbrot á höfuðborgarsvæðinu á hverjum degi árið 2010 en í helmingi tilfella var um að ræða innbrot á heimili eða í bíla. Það eru vissulega mörg innbrot en þeim fækkaði samt verulega frá fyrra ári. Það átti við um innbrot á heimili, í stofnanir og fyrirtæki en líka í ökutæki og þar varð fækkunin hlutfallslega mest. Alls voru rúmlega 6.000 þjófnaðarbrot tilkynnt til lögreglu en í kringum þriðjungur þeirra er innbrot. Þess má geta að þjófnaðarbrot í umdæminu voru um 7.000 árið 2009 og fækkunin er því allnokkur.

Bærilega gekk að upplýsa innbrot í heimahús enda er það eitt af forgangsmálum hjá lögreglu. Margir innbrotspjófvar voru gómaðir á árinu en sumir þeirra voru ansi stórtækir. Það átti t.d. við um þjófana sem lögreglan handtók eftir innbrot í Grafarvogi í ársbyrjun en í kjölfarið tókst að upplýsa um 20 önnur innbrot sem þeir höfðu á samviskunni. Því má segja að rannsókn á einu máli hafi orðið til þess að mörg önnur innbrot voru upplýst. Þetta er raunar dæmigert og sýnir vel að þolinmæði lögreglumanna skilar yfirleitt góðum árangri. Annað þjófagengi var stöðvað með sama hætti en meðlimir þess voru svo afkastamiklir að lögreglan hefur sjaldan séð annað eins. Hinir óprúttu aðilar fóru í marga leiðangra til að stela verðmætum en við yfirheyrslur játuðu þeir á sig um 70 innbrot, aðallega í heimahús, víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Óhætt er að segja að mörgum hafi verið létt þegar þjófarnir voru handteknir en þeir sátu í gæsluvarðhaldi þangað til dómur féll og fóru síðan beinustu leið í fangelsi.

Í seinni tíð er það einkennandi að innbrot eru framin að degi til og þannig voru líka starfsaðferðir þjófanna sem hér hafa verið nefndir. Fyrst banka þeir upp á, eða hringja dyrabjöllu, og láta síðan til

## 22. febrúar

---

### ÞVOTTAVÉLAPJÓFUR HANDTEKINN

Karl á þrítugsaldri hefur viðurkennt að hafa stolið þvottavél úr sameign fjölbýlishúss á höfuðborgarsvæðinu nýverið. Fleiri slík mál eru til rannsóknar hjá lögreglu en í síðustu viku fannst illa fengin þvottavél í bifreið sem var stöðvuð í borginni. Í því tilvikum var hægt að koma vélinni aftur í réttar hendur en hætt er við að einhverjar séu seldar á verði sem er of gott til að vera satt. Vegna þessa hvetur lögreglan fólk til að hafa samband ef það verður vart við óeðlileg tilboð. Einnig er bent á mikilvægi þess að tryggja að óboðnir gestir eigi ekki greiða leið inn í hús, hvort heldur er um að ræða sameign eða aðrar vistarverur.

*lrh.is*

## 5. maí

---

### BENSÍNÞJÓFAR HANDTEKNIR Í KÓPAVOGI

Tveir karlar á þrítugsaldri voru handteknir í Kópavogi í nótt en þar höfðu þeir stolið bensíni af einum bíl og reynt að gera það sama við annan. Mennirnir, sem hafa áður komið við sögu hjá lögreglu, játuðu sök en annar þeirra hefur áður gerst sekur um að stela bensíni.

*lrh.is*

skarar skríða þegar ljóst er að enginn er heima. Innbrotspjófarnir eru oft allsgáðir við þessu iðju en svo var nú ekki alltaf hér áður fyrr. Segja má að nútímapjóf, ef þannig má að orði komast, séu nokkuð skipulagðir og gangi hreint til verks. Sem fyrr sóttust þeir einkum eftir flatskjám og tölvum en nokkru af skartgripum var líka stolið úr heimahúsum á árinu. Ungir karlmenn eiga gjarnan hlut að máli þegar innbrot eru annars vegar en pörupiltarnir eru af ýmsu sauðahúsi. Sumir þeirra eiga ættir að rekja til landa í Austur-Evrópu en allt er þetta hluti af breyttri veröld, sem lögreglan verður nú að takast á við. Skipulögð brotastarfsemi teygir anga sína víða og þar er Ísland ekki undanskilið.

Mögulegt er að minnka líkur á innbroti með einföldum ráðum og á það ekki síst við um ökutæki. Innbrotum í þau fækkaði hlutfallslega mest, eins og áður var getið. Hvort tilviljun réði skal ósagt látið en freistandi er að halda að varnaðarorð lögreglu hafi líka haft eitthvað að segja. Í fréttatilkynningum frá embættinu var undirstrikað mikilvægi þess að skilja ekki verðmæti eftir í bílum. Jafnframt var bent á að ef slíkt væri óumflýjanlegt ættu hinir sömu hlutir alls ekki að vera í auglýsingu. GPS-tæki og radarvarar eru meðal þess sem innbrotspjófar í ökutæki ásælast og á því varð engin breyting á árinu 2010. Búðapjófarnir voru líka samir við sig en mörg hnuplmál komu á borð lögreglu. Margir voru staðnir að því að stela snyrtivörum sem og fatnaði en hinir fingralöngu voru af báðum kynjum og á öllum aldri. Hjá börnum og unglungum er það ekki síst sælgæti sem freistar en ósjaldan voru krakkar gripnir við slíka iðju. Af öðrum þjófnaðarbrotum má nefna stuld á bensíni en nokkuð er um að slíkt sé kært til lögreglu.



## 8. mars

### LÖGREGLAN NÝTUR MIKILS TRAUSTS

Lögreglan nýtur mikils trausts hjá almenningi en um það má lesa í nýjasta Þjóðarpólsgallup. Spurt var um traust til fjórtán stofnana og embætta en 81% aðspurðra sögðust treysta lögreglunni og fékk hún bestu útkomuna að þessu sinni. Háskóli Íslands, sem jafnan hefur fengið bestu niðurstöðuna í þessum mælingum, fékk næstbestu útkomuna, eða 76%, en traust til annarra stofnana í könnuninni var á bilinu 5-70%.

Gallup hefur kannað traust til nokkurra stofnana í meira en hálfan annan áratug en traust almennings til lögreglunnar hefur aldrei verið meira en undanfarin fjögur ár, eða 78-81%. Á sama tíma og lögreglan nýtur mikils trausts hefur dregið úr trausti almennings til ýmissa stofnana undanfarin ár.

lrh.is

### Mótmæli í miðborginni

Áfram var boðað til mótmælafunda í miðborginni en þeir voru ekki með sama hætti og áður. Færri sóttu fundina en árin 2008 og 2009, þegar hin svokallaða *Búsáhaldaþynging* stóð sem hæst, og afskipti lögreglu af mótmælendum voru með minnsta móti. Árið 2010 var samt ekki alveg tíðindalaust þegar mótmæli voru annars vegar. Í byrjun október mættu nokkur þúsund manns á Austurvöll og höfðu uppi mótmæli, sem voru þau fjölmennustu á árinu. Við það tækifæri notaði lögreglan sérstaka öryggisgirðingu í fyrsta sinn og gafst það vel. Öryggisgirðingin er sérsníðuð en með henni er unnt að tryggja betur bæði öryggi almennings og lögreglumanna á vettvangi. Það kom sér vel þennan haustdag þegar lítill hluti mótmælenda hafði sig töluvert í frammi og lét ófriðlega. Ýmsu lauslegu var kastað að Alþingishúsinu og þeim lögreglumönnum sem stóðu vaktina. Þetta voru bæði grjót og glerflöskur, að ógleymdum eggjum, sem var einkum kastað að alþingismönnum. Þá var múrsteini kastað í einn lögreglumann en sá slapp með skrekkin. Í hamaganginum brotnuðu allmargar rúður í Alþingishúsinu og a.m.k. ein í Dómkirkjunni. Enginn slasaðist alvarlega og það var fyrir öllu.



## 24. september

### ÍKVEIJA Í KRÝSUVÍKURKIRKJU - JÁTNING

Tveir piltar og tvær stúlkur á aldrinum 17-20 ára hafa játað að hafa kveikt í Krýsuvíkurkirkju í ársbyrjun en kirkjan gjöreyðilagðist í brunanum. Ungmennin helltu úr bensínbrúsa inni í kirkjunni og kveiktu í. Þau yfirgáfu síðan staðinn en höfðu jafnframt meðferðis smámynt sem þau stálu úr söfunarbauki Krýsuvíkurkirkju. Við yfirheyrslur hjá lögreglu kom fram að þau ætluðu sér að kveikja í einhverri kirkju en tilviljun virðist hafi ráðið því að Krýsuvíkurkirkja varð fyrir valinu. Ungmennin hafa áður komið við sögu hjá lögreglu, mismikið þó.

*lrh.is*

## 7. október

### ELDUR Í POTTI

Betur fór en á horfðist þegar gleymdist að slökkva á eldaveirahellu í kjallaraíbúð í vesturborginni síðdegis í gær. Þar var ungur maður að sjóða fisk í potti fyrir heimilisköttinn en skropp frá og gleymdi að slökkva á hellunni. Nágranni tilkynnti um reyk frá íbúðinni og voru lögregla og slökkvilið fljót á vettvang. Engar skemmdir urðu á íbúðinni en potturinn var hinsvegar ónýtur.

*lrh.is*

## Brunar og íkveikjur

Nokkrir eldsvoðar voru til rannsóknar hjá embættinu. Í janúar brann Krýsuvíkurkirkja til kaldra kola og því var nánast útilokað að álykta hvort eldurinn hefði kviknaði af mannavöldum eður ei. Síðar á árinu fékk lögreglan vísbendingu í málinu og í kjölfarið viðurkenndu fjögur ungmenni að hafa verið þar að verki. Þau helltu úr bensínbrúsa inni í kirkjunni og kveiktu í en skemmdarvargarnir sögðust hafa ætlað að brenna bara einhverja kirkju! Tilviljun réði því að Krýsuvíkurkirkja varð fyrir valinu en áður en hún brann notuðu ungmennin tækifærið og stálu smámynt úr söfunarbauki kirkjunnar.

Snemma árs eyðilagðist líka skemmtistaður í eldsvoða í miðborginni en við rannsókn lögreglu kom fram að eldfimur vökvi var notaður til að örva og hraða brunanum. Því var um íkveikju að ræða, rétt eins og í öðru máli sem rannsakað var um mitt sumar. Þar átti í hlut karl á miðjum aldri sem talinn var hafa kveikt í rafmagnstöflu í fjölbýlishúsi í Reykjavík. Maðurinn var handtekinn og sat í gæsluvarðhaldi um tíma. Á haustmánuðum brann dekkjaverkstæði í Hafnarfirði en ekki tókst að upplýsa eldsupptök. Og seint á árinu kviknaði í þaki húss í miðborginni en eldurinn tengdist eldunarofni í veitingahúsi á jarðhæð hússins. Frá ofninum er reykrör, sem liggur í gegnum húsið, og upp á þak. Frágangi reykroðsins var ábótavant og því fór sem fór.

Einn maður lést í bruna í janúar. Hinn látni, karl á þrítugsaldri, bjó í timburhúsi í miðborginni en þar kom upp eldur um miðja nótt. Fjórir lögreglumenn voru skammt undan þegar útkallið barst og voru því fljótir á vettvang. Þeir brutu sér leið inn í húsið, vöktu íbúana og náðu að bjarga fimm manns úr eldsvoðanum. Lögreglumennirnir sýndu mikið snarræði og unnu í raun þrekvirki við mjög erfiðar aðstæður en í húsinu var bæði mikill reykur og hiti.



## 28. ágúst

---

### ÓSIÐLEGUR DANS Á MENNINGARNÓTT

Kona um þrítugt var handtekin í miðborginni í gærkvöld. Málavextir voru þeir að lögreglu bárust margar kvartanir vegna konu sem var sögð iðka ósiðlegan dans. Þegar lögreglumenn komu á vettvang reyndist þetta á rökum reist. Konan, sem var ölvuð, var handtekin og færð á lögreglustöð. Ekki er talið að atriði hennar hafi verið hluti af dagskrá Menningarnætur.

---

*lrh.is*

## 25. ágúst

---

### PENINGAR Í ÓSKILUM

Peningar, sem fundust í vesturbæ Reykjavíkur, eru í óskilum hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Eigandinn getur vitjað þeirra í afgreiðslu lögreglunnar á Hverfisgötu 115, Reykjavík, sem er opin virka daga frá kl. 8-16. Afhending fer fram gegn staðfestingu á eignarhaldi.

---

*lrh.is*

## Menningarnótt

Þúsundir manna voru í miðborginni þegar Menningarnótt var haldin seinni hlutann í ágúst en hátíðin gekk almennt vel fyrir sig. Að venju hafði lögreglan í nógu að snúast en hún hafði mikinn viðbúnað, líkt og undanfarin ár. Útköllum fjölgaði eftir því sem leið á daginn og nóttina en greiðlega gekk að leysa flest málin. Um var að ræða hefðbundin verkefni en m.a. voru höfð afskipti af ölvuðu fólki en skipulega var unnið gegn áfengisdrykkju og ólöglegri útivist barna og unglinga. Þeir sem höfðu ekki aldur til að vera úti við var vísað heim eða færðir í athvarf. Nokkru magni af áfengi var hellt niður. Unglingadrykkja er alltaf áhyggjuefni en ástandið þetta árið var þó ekki verra en áður.

Lögreglumenn voru almennt frekar sáttir með Menningarnótt en unnið var eftir breyttu skipulagi í umferðarmálum og gafst það vel. Lagningar ökutækja voru líka með skárna móti og ástandið í Þingholtunum og nágrenni, hvað þetta varðar, var betra en áður. Nokkur umferðaróhöpp urðu í borginni enda mikil umferð á þessum degi. Óhöppin voru samt öll talin minni háttar en í einu tilviki var ekið á gangandi vegfaranda. Meiðsli hans voru óveruleg. Sex ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur á Menningarnótt en lögreglan stöðvaði líka för skemmtibáts sökum þess að skipstjórinn var undir áhrifum áfengis.

Fikniefni fundust á nokkrum gestum á Menningarnótt og á annan tug líkamsárása komu til kasta lögreglu. Engin þeirra taldist þó alvarleg. Fámennt var í fangageymslu lögreglu framan af en þar fjölgaði mjög eftir því sem leið á nóttina. Líkt og undanfarin ár naut lögreglan liðveislu ýmissa aðila á Menningarnótt, m.a. björgunarsveitarmanna. Samstarfi og samvinnu margra er ekki síst því að þakka að Menningarnótt 2010 heppnaðist vel.



## 9. apríl

### SLASAÐIST VIÐ TÖLVULEIK

Ungur piltur slasaðist við tölvuleik á höfuðborgarsvæðinu í gærmorgun. Slysið átti sér stað á heimili drengsins en af ókunnum ástæðum hoppaði hann upp úr sófa og rak höfuðið í loftið á meðan leiknum stóð. Pilturinn fékk skurð á höfuðið og var fluttur á slyshadeild til aðhlyningar en meiðslin teljast minniháttar. Ekki er vitað hvaða tölvuleik drengurinn var að spila.

*lrh.is*

## Óvenjuleg verkefni

Lögreglumenn geta átt von á ýmsu í starfi sínu og það sannaðist enn og aftur þegar bankað var upp á í húsi í Breiðholti í sumarlok. Innandyra reyndist vera kornsnákur, um einn metri að lengd, en dýrið var tekið í vörslu lögreglu og flutt að Keldum, þar sem gerðar voru viðeigandi ráðstafanir. Enginn jafnaðist þó á við gæludýraeigandann sem var heimsóttur á vordögum. Hjá honum var að finna snák, mýs, kakkalakka og ýmsar lirfur og bjöllur sem lögreglan kann ekki að nefna. Sá varð líka að sjá á eftir dýrunum, sem fóru sömu leið og snákurinn í Breiðholtinu.

Þótttrannsókn á ólöglegu niðurhali hjómi ekki óvenjulega er lítið um slík mál hjá lögreglu, hvað sem síðar kann að verða. Í desember voru þó framkvæmdar níu húsleitir, sjö á Akureyri og í nágrenni, og tvær á höfuðborgarsvæðinu, í þágu rannsóknar á stórfelldu, ólöglegu niðurhali. Teknar voru skýrslur af tíu manns á aldrinum 15-20 ára og lagt var hald á töluvert magn af tölvum og tölvubúnaði. Rannsókn málsins hafði staðið yfir um nokkurt skeið áður en til húsleitanna kom. Upphaf málsins var tilkomið vegna kæru sem Samtök myndrétthafa lögðu fram og sneri að ólöglegu niðurhali efnis af Netinu og dreifingu þess.

## 30. nóvember

---

### MEÐ BUXTURNAR Á HÆLUNUM

Karl á fertugsaldri var handtekinn í miðborginni á sunnudagskvöld en sá braut gegn lögreglusamþykktinni með því að kasta af sér þvagi á almannaþæri. Raunar var það lögreglubíll sem maðurinn pissaði á og því má segja að hann hafi verið gripinn glóðvolgur við þessu iðju sína. Maðurinn reyndi að forðast handtöku og ætlaði að taka til fótanna en það er hægara sagt en gert að hlaupa með buxturnar á hælunum.

---

*lrh.is*

## 7. júlí

---

### HUNDUR BEIT STÚLKU

Stúlka var bitin af hundi í Reykjavík í gærmorgun. Hún var við útburð þegar þetta gerðist en stúlkan var bitin í aftanvert lærið og við það eyðilögðust buxturnar hennar. Í kjölfarið leitaði stúlkan á slysadeild en ekki er vitað frekar um meiðsli hennar. Ekki er ljóst hvað verður um hundinn.

---

*lrh.is*

Laumufarþegar eru sjaldséðir hjá lögreglu en einn slíkur var gripinn í Sundahöfn seint á árinu. Sá hugðist taka sér far með fragtskipi til Kanada en maðurinn, sem var ungur að árum, sagði heimkynni sín vera þar. Allt var þetta málum blandið og ekki batnaði ástandið þegar maðurinn þurfti að gera grein fyrir sjálfum sér. Hann gat ekki tilgreint fæðingarár sitt og átti erfitt með að muna nafn sitt. Þegar laumufarþeginn gat loksins sagt til nafns reyndist hann vera alnafni heimsþekkt kvikmyndaleikstjóra. Lögreglan dró það í efa enda kom síðar á daginn að svo var ekki. Einnig kom í ljós að maðurinn hafði komið til Íslands með Norrænu fáeinum vikum áður og án tilskilinna pappíra. Í framhaldinu fór málið sína leið í kerfinu og embættið hafði ekki frekari afskipti af þessum margsaga laumufarþega.

Skemmdarverk á höfuðborgarsvæðinu eru ekki óalgeng en það er afar sjaldgæft að spellvirkjar noti heimatilbúinn íkveikju- og sprengibúnað til að valda skemmdum. Samt var það nú raunin þegar lögreglan var kölluð út að næturlagi um miðjan mars vegna elds í nágrenni Veðurstofunnar við Bústaðaveg. Vestan við stofnunina var reynt að kveikja í þremur endurvarps- og móttökumöstrum og logaði eldur í köplum á tveimur þeirra þegar komið var á vettvang. Greiðlega gekk að ráða niðurlögum eldsins en skemmdir urðu nokkrar. Ekki hafði tekist að kveikja í þriðja mastrinu en við það fannst eldfimur vökvi. Betur fór því en á horfðist en hluti af sprengibúnaðinum virðist ekki hafa sprungið, eins og til var ætlast.





## 14. janúar

### VILTU GERAST GÓÐKUNNINGI LÖGREGLUNNAR ... Á FACEBOOK?

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur opnað síðu á samskipta-vefnum Facebook. Tilgangurinn með því er að auka og efla upplýsingamiðlun frá lögreglunni til almennings, einkum þeirra sem búa, starfa og dvelja á höfuðborgarsvæðinu. Síðan verður notuð til að vekja athygli á fréttum og tilkynningum frá lögreglunni, forvörnum gegn afbrotum og sambærilegu efni. Þeim sem hafa áhuga á því að gerast góðkunningjar lögreglunnar á Facebook er bent á slóðina:

<http://www.facebook.com/pages/Logreglan-a-hofudborgarsvaedinu/123603131036577>

*lrh.is*

## Lögregluvefurinn og Facebook

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leggur mikla áherslu á miðlun upplýsinga og kemur þeim m.a. á framfæri á lögregluvefnum. Árið 2010 birti embættið rúmlega 650 fréttir eða tilkynningar á þessum vettvangi, sem er ívið meira en undanfarin ár. Mörg málanna í þessari ársskýrslu eru einmitt reifuð á lögregluvefnum en þar er líka að finna gagnlegar upplýsingar um sitthvað. Á heimasíðunni ([www.lrh.is](http://www.lrh.is)) er t.d. að finna ábendingar um ýmislegt sem betur má fara og einnig eitt og annað sem snýr að forvörnum. Þá er sérstök áhersla lögð á að birta allar niðurstöður úr hraðamælingum í íbúðahverfum í umdæminu. Á lögregluvefnum má líka nálgast eldri ársskýrslur og svokallaðar svæðaskýrslur en þær hafa að geyma afbrotatölfræði. Síðarnefnda skýrslan er sömuleiðis gefin út árlega.

## 30. ágúst

### GASKÚTUM STOLIÐ

Allnokkrum gaskútum var stolið á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku. Bæði var um ræða gaskúta sem voru teknir af fellihýsum í Grafarvogi og Mosfellsbæ en einnig var gaskútum stolið í innbroti í vesturborginni. Búið er að endurheimta að hluta eða öllu leyti gaskútana sem voru teknir í vesturbænum og einnig gaskúta sem var stolið frá fyrirtæki á öðrum stað í borginni. Á síðastnefnda staðnum sást til þjófanna en lögreglan fann fjóra gaskúta í bíl þeirra.

*lrh.is*

Með tilkomu Facebook hafa skapast fleiri möguleikar til að miðla upplýsingum og þá vill embættið nýta sér. Í byrjun desember opnaði lögreglan á höfuðborgarsvæðinu síðu á þessum vinsæla samskiptavef og viðtökurnar voru mjög góðar. Margir vildu gerast góðkunningjar hennar á Facebook og ekki verður annað sagt en að skoðanaskiptin hafi verið líflæg. Lögreglan veigrar sér ekki við gagnrýni en gerir þá kröfu að hún sé málefnaleg og að þátttakendur á samskiptavefnum séu ekki dónalegir í orðavali. Það eru nokkrir áhugasamir starfsmenn hjá embættinu sem halda síðunni úti og svara þeim spurningum sem á hana berast. Tilgangurinn með þessu er að efla upplýsingamiðlun frá lögreglunni til almennings og þá aðallega til þeirra sem búa, starfa og dvelja á höfuðborgarsvæðinu.



## 24. nóvember

### ÓNÆÐI VEGNA

#### SKEMMTANAHALDS

Staða mála á miðborgarsvæðinu er að sumu leyti mun betri en í fyrra og vegur þar einna þyngst að innbrotum hefur fækkað umtalsvert í hverfinu. Þetta á t.d. við um innbrot á heimili en einnig er almennt minna um þjófnaði, sé tekið mið af tilkynningum um slíkt til lögreglu. Frá þessu var skýrt á fundi lögreglunnar með fulltrúum Miðborgarhverfis sem haldinn var í gær. Þar var farið yfir þróun brota á svæðinu og m.a. borin sama fjöldi innbrota frá ársbyrjun til októberloka í samanburði við sama tímabil í fyrra. Niðurstöðurnar eru einkar ánægjulegar hvað þetta varðar en í sumum öðrum málum er þó enn nokkuð verk að vinna. Þar má bæði nefna að tilkynningar um eignaspjöll í þessum borgarhluta standa nánast í stað á milli ára og ofbeldisbrot á þessu ári eru ívið fleiri en í fyrra.

Eins og flestir vita hefur miðborgin ákveðna sérstöðu í umdæminu. Þangað koma þúsundir gesta, m.a. til að skemmta sér, og því miður eru þeir ekki allir til fyrirmyndar. Brot í miðborginni skrifast því að stærstum hluta á utanaðkomandi aðila en ekki íbúana sjálfa. Sumir hinna síðarnefndu eru reyndar orðnir þreyttir á ástandinu sem þeir segja fylgja skemmtanahaldi í miðborginni og vilja úrbætur. Þeir hafa bent á ónæði sem stafar af næturlífinu en því verður varla breytt á meðan skemmtistaðir eru á svæðinu. Á fundinum var talað um að finna skemmtistöðunum aðra staðsetningu og /eða breyta opnunartíma þeirra. Hugmyndir sem þessar eru reyndar ekki nýjar af nálinni en lögreglan hefur áður komið sambærilegum hugmyndum á framfæri við borgaryfirvöld.

lrh.is

## Hverfa- og svæðafundir

Hverfa- og svæðafundir eru fastir liðir hjá lögreglunni en árlega hittir hún fulltrúa íbúanna að máli og fer yfir stöðuna á hverjum stað fyrir sig. Að þessu sinni voru fundirnir haldnir í nóvember en þá sótti lykilmál úr sveitarfélögunum og einstökum hverfum borgarinnar. Sem fyrr var farið yfir þróun brota undanfarin misseri en lögreglan notar líka þetta tækifæri til að kynna stefnu sína, áherslur og langtímamarkmið. Sömuleiðis er það viðtekin venja á fundunum að greina frá niðurstöðum könnunar um reynslu íbúa höfuðborgarsvæðisins af lögreglu, öryggi og afbrotum. Um er að ræða símakönnun, sem er framkvæmd árlega, en niðurstöður hennar hafa jafnan verið hvetjandi fyrir embættið. Í könnuninni hefur m.a. komið fram að flestir telja lögregluna skila góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum.

Orðræðan á hverfa- og svæðafundunum var iðulega áhugaverð en það er lögreglunni mikilvægt að eiga þessi samtöl við fulltrúa íbúanna. Bæði til að heyra hvað fólki liggur á hjarta og eins til að vita hvað má betur fara. Áhyggjuefnin voru nokkur en mismunandi eftir því hvar borið var niður á höfuðborgarsvæðinu. Forvarnarmál voru þó rædd á flestum fundanna og umferðarmál sömuleiðis. Allt var þetta mjög gagnlegt fyrir lögregluna, sem auðvitað hittir þetta og annað lykilmál líka stundum við önnur tækifæri. Nefna má að í ársbyrjun fundaði embættið með borgaryfirvöldum og gengið var frá samningi um samstarf þeirra á sviði öryggis- og forvarnarmála í Reykjavík. Markmiðið var að stuðla að auknu öryggi almennings í borginni með markvissu samstarfi fyrrnefndra aðila. Þess má geta að árið 2009 var gerður svipaður samningur við bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ.

## 13. apríl

### UNGLINGAPARTÍ FÓR ÚR BÖNDUNUM

Lögreglan var kölluð til þegar unglingapartí í Reykjavík fór úr böndunum á laugardagskvöld. Vel gekk að koma gestunum út en þó voru nokkrir sem vildu alls ekki yfirgefa samkvæmið og reyndu hinir sömu að fela sig í húsinu. Að lokum tókst að koma öllum krökkunum af vettvangi en þó varð ekki hjá því komist að handtaka einn. Sá lét mjög ófriðlega og neitaði með öllu að fara úr partíinu en viðkomandi, 16 ára piltur, var fluttur á lögreglustöð. Þangað var hann svo sóttur af foreldrum.

*lrh.is*

## 23. nóvember

### FÁKLÆDDUR HLAUPARI

Fáklæddur hlaupari var handtekinn á Sæbraut í Reykjavík um helgina. Um var að ræða karl á þrítugsaldri en hann var heldur illa búinn til íþróttaiðkana, aðeins á sokkaleistunum og í skjóllitlum nærbuxum. Maðurinn var auk þess vel hifaður. Aðspurður um uppátækið sagði hann hafa verið að taka áskorun félaga sinna um að hlaupa klæðalítil um borgina.

*lrh.is*

## Eitt og annað

Síðla árs stöðvaði lögreglan umfangsmikla landaframleiðslu í bílskúr í Kópavogi. Lagt var hald á fleiri hundruð lítra af bæði landa og gamba og einnig ýmsan búnað sem tilheyrði starfseminni. Húsráðandi, karl á fertugsaldri, var handtekinn í þágu rannsóknarinnar og játaði hann aðild sína að málinu. Heimagerð áfengi kom reyndar við sögu í fleiri málum hjá lögreglu en í einu þeirra var kona á miðjum aldri handtekin í miðborginni. Konan var með þennan mjöð í allnokkrum brúsum, sem fundust í bakpoka hennar, en landinn var ætlaður til sölu. Konan hafði áður komið við sögu hjá lögreglu vegna sölu á heimagerðu áfengi.

Samkvæmt skoðanakönnunum naut lögreglan mikils trausts hjá almenningi á árinu 2010. Þetta kom fram í niðurstöðum sem voru birtar í mars og október. Capacent framkvæmdi fyrri könnunina en Markaðs- og miðlarannsóknir þá seinni. Í báðum tilvikum var spurt um traust almennings til helstu stofnana og/eða embætta í samfélaginu. Lögreglan fékk bestu útkomuna í báðum skoðanakönnunum en 81% aðspurðra sögðust treysta lögreglunni (Capacent) og 80,9% báru mikið traust til hennar (MMR). Útkoma lögreglunnar í fyrri könnunum fyrirtækjanna var sömuleiðis góð.

Eftirlit var haft með veitinga- og skemmtistöðum og var full ástæða til. Rekstarraðilar þeirra áttu stundum erfitt með að fylgja settum reglum um starfsemina. Leyfi um hámarksfjölda gesta voru ekki alltaf virt sem skyldi og þá var ekki um annað að ræða en rýma staðina og loka þeim í kjölfarið. Í verstu tilfellunum voru gestirnir tvöfalt fleiri en leyfið heimilaði. Alloft var þar líka að finna ungmenni, sem höfðu ekki aldur til að vera innandyra á þessum stöðum. Afskipti lögreglu voru samt ekki bundin við veitinga- og skemmtistaði. Á árinu lokaði hún líka söluturni eftir að upp komst að kaupmaðurinn seldi ýmsan vafasaman varning.

## 26. október

### DEKKJAPJÓFUR HANDTEKINN Í KÓPAVOGI

Karl á fertugsaldri var handtekinn í Kópavogi í nótt en sá reyndi að stela dekkjum undan bifreið í bænum. Tilkynning um grunsamlegar mannaferðir barst lögreglu á fjórða tímanum en lögreglumenn héldu þegar á vettvang. Hinn óprúttni aðili reyndi að komast undan á tveimur jafnfjótum en var hlaupinn uppi af fótfráum lögreglumönnum. Þjófurinn var ekkert á því að gefast upp og beitti felgulykli til að reyna að forðast handtöku. Það hafði ekkert að segja og var maðurinn yfirbugaður fljótt og örugglega og síðan færður í fangageymslu.

*lrh.is*

Um mitt sumar var öll starfsemi lögreglustöðvar 4 endanlega flutt á Krókháls í Árbæ. Þaðan er gerð út almenn löggæsla, þ.e. útköll allan sólarhringinn. Frá lögreglustöðinni er sinnt verkefnum í Árbæ, Norðlingaholti, Grafarvogi, Grafarholti, Mosfellsbæ, Kjósarhreppi og á Kjalarnesi. Rannsóknarlögreglumennirnir voru síðastir til að flytja inn en þeir höfðu áður aðstoðu á Völuteigi í Mosfellsbæ en lögreglustöðinni þar var lokað. Breytingin er tímabundin því ráðgert er að byggja nýja lögreglustöð við Skarhólabraut í Mosfellsbæ. Þá mun lögreglan flytja í Mosfellsbæ til framtíðar en óvíst er hvenær af því getur orðið. Þess má geta að nágrannar lögreglunnar á Krókhálsi eru kennarar og nemendur í Lögregluskóla ríkisins.

Árlega fær lögreglan talsvert af beiðnum frá barnaverndaryfirvöldum þar sem óskað er eftir leit að unglíngum. Í framhaldinu er lýst eftir viðkomandi í fjölmiðlum og yfirleitt kemur hinn týndi fljótlega í leitirnar. Einnig er oft leitað að fullorðnu fólki en þá hafa áhyggjufullir aðstandendur sett sig í samband við lögreglu. Mál þar sem lýst er eftir gömlu fólki koma annað slagið á borð lögreglu en þá er iðulega um að ræða einstaklinga sem glíma við minnisleysi. Því miður er ekki alltaf um ánægjuleg málalok að ræða en á haustmánuðum var leitað að karl á miðjum aldri, sem síðar fannst látinn í bifreið sinni í Kleifarvatni. Við leit að fólki nýtur lögreglan aðstoðar ýmissa aðila, m.a. björgunarsveitarmanna.





## REKSTUR

Rekstur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur verið erfiður undanfarin ár og embættið hefur þurft að grípa til margvíslegra aðgerða til að láta enda ná saman. Árið 2010 kvað við sama tón enda árferðið óbreytt frá síðustu misserum. Rekstrarskilyrði versnuðu til muna á öðru starfsári lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og heldur sú þróun áfram. Efnahagshruninu er aðallega um að kenna og lögreglan, rétt eins og aðrar stofnanir, verður að einhverju leyti að súpa seyðið af því. Þrátt fyrir mótvind hefur embættinu tekist nokkuð vel að spila úr þeim fjármunum sem það hefur haft til ráðstöfunar, og þar með að halda úti viðunandi þjónustu.

Niðurskurðarhnífurinn var samt áfram á lofti og leitað var allra leiða til að spara hjá embættinu. Þessu fylgdu erfiðar ákvarðanir en hjá þeim varð ekki komist. Sérstakt aðhald var sýnt í öllu sem sneri að útgjöldum í bíla- og tæknimálum árið 2010 og fyrirbyggju var líka gætt þegar kom að fatakaupum. Allt skiptir þetta máli þegar reksturinn er gerður upp enda miklar kröfur um hagræðingu. Til marks um það voru fjárheimildir til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu skornar niður um hátt í 400 m. kr. samanlagt á árunum 2009-2010. Þetta samsvarar um 11% niðurskurði og munar um minna. Engu að síður var embættið rekið með rekstrarafgangi annað árið í röð, sem verður að teljast mjög ásættanlegt í ljósi aðstæðna.

Þrátt fyrir um 225 m.kr. niðurskurð á árinu, eða tæplega 7%, var gert ráð fyrir jafnvægi í rekstri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Bráðabirgðauppgjör (spá) gerir hins vegar ráð fyrir um 28 m.kr. rekstrarafgangi árið 2010. Uppsafnaður rekstrarhalli lækkar sem því nemur í tæplega 45 m.kr.


Tafla 1 - Rekstur ársins 2010 - fjárhæðir í þ.kr.

	Áætlun	Endursk. áætl.	Ársreikn. 2010
<b>Rekstur (-áfengisgjald)</b>	3.095.089	3.255.494	3.202.359
<b>Fjárheimildir (+áfengisgjald)</b>	3.076.700	3.228.600	3.229.600
<b>Mism.</b>	(18.389)	(26.894)	27.241
<b>Eigið fé 31.12.09</b>	(31.788)	(71.942)	(71.942)
<b>Rekstrarniðurstaða</b> (eigið fé 31.12.10)	(50.177)	(98.836)	(44.701)
<b>Frávik m.v. fjárheimildir</b>	-1,6%	-3,1%	-1,4%



Tafla 2 - Skipting helstu rekstrarliða eftir útgjaldaflokkum árið 2010 (þ.kr.)

<b>Tekjur</b>		
	Sértekjur	47.889
	Áfengisgjald	0
		<u>47.889</u>
<b>Gjöld</b>		
<b>Laun</b>		
	Dagvinna	1.335.662
	Vaktaálag	270.936
	Aukagreiðslur	152.700
	Yfirvinna	381.772
	Launatengd gjöld	522.136
		<u>2.663.207</u>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
	Ferðir og fundir	23.596
	Rekstrarvörur	78.059
	Aðkeypt þjónusta	147.443
	Húsnæði	144.523
	Bifreiðar og vélar	165.260
	Afskriftir krafna o.fl	2.955
	Eignakaup	25.205
		<u>587.042</u>
		<u>3.250.249</u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag</b>		<b>(3.202.359)</b>
	Ríkisframlag	3.229.600
		<u>27.241</u>
Eigið fé 1.1.2010		(71.942)
Eigið fé 31.12.2010		(44.701)



Mynd 1. Hlutfallsleg skipting rekstrarkostnaðar 2010







Tafla 3 - Útsend sektarboð og sektargerðir árið 2010

	<b>Sektarboð</b>	<b>Sektargerð</b>
<b>Útsend</b>	6.508	1.545
<b>Greidd</b>	5.935	518
<b>Í dómsmeðferð</b>	340	0

Tafla 4 - Fjöldi lögreglumenntaðra starfsmanna og annarra starfsmanna í lok janúar 2011 eftir skipulagseiningum

	Borgaralegir starfsmenn	Lögreglumennt	Alls
<b>Fjármála- og þjónustudeild</b>	41	13	54
<b>Innri endurskoðun</b>	0	2	2
<b>Löggæslusvið</b>	10	214	224
<b>Aðgerða og skipulagsd.</b>	0	3	3
<b>Almenn löggæsla</b>	7	195	202
<b>Stoðdeildir</b>	3	16	19
<b>Rannsóknar- og ákærusvið</b>	20	41	61
<b>Ákærusvið</b>	20	2	22
<b>Rannsóknarsvið</b>	0	39	39
<b>Skrifstofa lögreglustjóra</b>	1	0	1
<b>Starfsmannadeild</b>	5	0	5
<b>Upplýsinga- og áætlanadeild</b>	5	2	7
<b>Yfirstjórn</b>	2	6	8
<b>Samtals við störf</b>	84	278	362
<b>Nemar</b>	0	0	0
<b>Veikindi</b>	1	15	16
<b>Fæðingarorlof</b>	2	7	9
<b>Alls starfsmenn</b>	87	300	387

Tafla 5 - Fjöldi starfsmanna í lok janúar 2011 eftir kyni og skipulagseiningu

	Karl	Kona	Samtals
<b>Fjármála- og þjónustudeild</b>	19	35	54
<b>Innri endurskoðun</b>	2	0	2
<b>Löggæslusvið</b>	188	36	224
<b>Aðgerða og skipulagsd.</b>	3	0	3
<b>Almenn löggæsla</b>	168	34	202
<b>Stoðdeildir</b>	17	2	19
<b>Rannsóknar- og ákærusvið</b>	44	17	61
<b>Ákærusvið</b>	10	12	22
<b>Rannsóknarsvið</b>	34	5	39
<b>Skrifstofa lögreglustjóra</b>	0	1	1
<b>Starfsmannadeild</b>	1	4	5
<b>Upplýsinga- og áætlanadeild</b>	4	3	7
<b>Yfirstjórn</b>	7	1	8
<b>Samtals við störf</b>	265	97	362
<b>Nemar</b>	0	0	0
<b>Veikindi</b>	13	3	16
<b>Fæðingarorlof</b>	3	6	9
<b>Alls starfsmenn</b>	281	106	387

Tafla 6 - Fjöldi lögreglumanna í lok janúar 2011 eftir kyni og skipulagseiningu

	Karl	Kona	Samtals
<b>Fjármála- og þjónustudeild</b>	13	0	13
<b>Innri endurskoðun</b>	2	0	2
<b>Löggæslusvið</b>	182	32	214
<b>Aðgerða og skipulagsd.</b>	3	0	3
<b>Almenn löggæsla</b>	164	31	195
<b>Stoðdeildir</b>	15	1	16
<b>Rannsóknar- og ákærusvið</b>	36	5	41
<b>Ákærusvið</b>	2	0	2
<b>Rannsóknarsvið</b>	34	5	39
<b>Skrifstofa lögreglustjóra</b>	0	0	0
<b>Starfsmannadeild</b>	0	0	0
<b>Upplýsinga- og áætlanadeild</b>	2	0	2
<b>Yfirstjórn</b>	6	0	6
<b>Samtals við störf</b>	241	37	278
<b>Nemar</b>	0	0	0
<b>Veikindi</b>	13	2	15
<b>Fæðingarorlof</b>	2	5	7
<b>Alls starfsmenn</b>	256	44	300



Tafla 7 - Fjöldi borgaralegra starfsmanna í lok janúar 2011 eftir kyni og skipulagseiningu

	Karl	Kona	Samtals
<b>Fjármála- og þjónustudeild</b>	6	35	41
<b>Innri endurskoðun</b>	0	0	0
<b>Löggæslusvið</b>	6	4	10
<b>Aðgerða og skipulagsd.</b>	0	0	0
<b>Almenn löggæsla</b>	4	3	7
<b>Stoðdeildir</b>	2	1	3
<b>Rannsóknar- og ákærusvið</b>	8	12	20
<b>Ákærusvið</b>	8	12	20
<b>Rannsóknarsvið</b>	0	0	0
<b>Skrifstofa lögreglustjóra</b>	0	1	1
<b>Starfsmannadeild</b>	1	4	5
<b>Upplýsinga- og áætlanadeild</b>	2	3	5
<b>Yfirstjórn</b>	1	1	2
<b>Samtals við störf</b>	24	60	84
<b>Nemar</b>	0	0	0
<b>Veikindi</b>	0	1	1
<b>Fæðingarorlof</b>	1	1	2
<b>Alls starfsmenn</b>	25	62	87

Tafla 8 - Lykiltölur starfsmannamála

<b>Heildarfjöldi starfsmanna í lok janúar 2011</b>	387
<b>Fjöldi ársverka 2010</b>	375,37
<b>Hlutfall kvenna af lögreglumönnum</b>	14,7%
<b>Hlutfall kvenna af borgaralegum starfsmönnum</b>	71,3%
<b>Hlutfall tapaðra vinnustunda vegna veikinda</b>	7,76%
<b>Starfsmannavelta* - lögregla</b>	4,7%
<b>Starfsmannavelta* - borgaralegir starfsmenn</b>	5,7%
<b>Fjöldi lögreglumanna í launalausú leyfi í árslok</b>	9

\*Starfsmannavelta að meðtöldum starfsmönnum sem hættu sökum aldurs



Tafla 9 - Handtökur og vistanir árið 2010

<b>Handtökur</b>	
<b>Fjöldi handtaka</b>	4.309
<b>Fjöldi einstaklinga</b>	2.421
<b>Vistanir</b>	
<b>Fjöldi vistana</b>	2.831
<b>Fjöldi einstaklinga</b>	1.408

Tafla 10 - Handtökur eftir mánuðum árið 2010

	Fjöldi handtaka	Fjöldi einstaklinga
<b>Janúar</b>	385	214
<b>Febrúar</b>	326	190
<b>Mars</b>	344	183
<b>Apríl</b>	333	176
<b>Mái</b>	429	213
<b>Júní</b>	353	193
<b>Júlí</b>	351	181
<b>Ágúst</b>	364	206
<b>September</b>	323	186
<b>Október</b>	354	205
<b>Nóvember</b>	370	216
<b>Desember</b>	377	258
<b>Samtals</b>	4.309	2.421

Tafla 11 - Handtökur eftir vikudögum árið 2010


	Fjöldi handtaka	Fjöldi einstaklinga
<b>Mánudagur</b>	473	233
<b>Þriðjudagur</b>	498	232
<b>Miðvikudagur</b>	501	252
<b>Fimmtudagur</b>	555	280
<b>Föstudagur</b>	601	325
<b>Laugardagur</b>	864	552
<b>Sunnudagur</b>	817	547
<b>Samtals</b>	<b>4.309</b>	<b>2.421</b>

Tafla 12 - Vistanir eftir mánuðum árið 2010

	Fjöldi vistana	Fjöldi einstaklinga
<b>Janúar</b>	267	147
<b>Febrúar</b>	220	118
<b>Mars</b>	222	105
<b>Apríl</b>	225	110
<b>Maí</b>	261	108
<b>Júní</b>	223	109
<b>Júlí</b>	227	95
<b>Ágúst</b>	262	129
<b>September</b>	218	115
<b>Október</b>	238	129
<b>Nóvember</b>	244	117
<b>Desember</b>	224	126
<b>Samtals</b>	<b>2.831</b>	<b>1.408</b>

Tafla 13 - Vistanir eftir vikudögum árið 2010

	Fjöldi vistana	Fjöldi einstaklinga
<b>Mánudagur</b>	348	150
<b>Þriðjudagur</b>	377	156
<b>Miðvikudagur</b>	357	157
<b>Fimmtudagur</b>	392	168
<b>Föstudagur</b>	393	193
<b>Laugardagur</b>	499	281
<b>Sunnudagur</b>	465	303
<b>Samtals</b>	<b>2.831</b>	<b>1.408</b>



Mynd 2. Próun í fjölda handtaka og vistana 2007 - 2010



Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu - Hverfisgötu 113-115  
150 Reykjavík - Sími: 444 1000 - Fax: 444 1015 - [www.lrh.is](http://www.lrh.is)

# Lögrelustöðvar á höfuðborgarsvæðinu

**Hverfisgötu 113-115**  
**150 Reykjavík**

**Álfabakka 12**  
**109 Reykjavík**

**Dalvegi 18**  
**201 Kópavogi**

**Flatahrauni 11**  
**220 Hafnarfirði**

**Krókhálsi 5b**  
**110 Reykjavík**

**Neyðar- og aðstoðarsími lögreglu er 112**

